

Ed.

89. Frumvarp til laga

[82. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

I. KAFLI

Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

*Alifiskur*: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða kössum.

*Á*: Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

*Áll*: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra, sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

*Bakki*: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettur, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

*Dráttur*: Staður í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

*Félagsveiði*: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

*Fiskeldi*: Geymsla, fæðsla og gæzla alifisks.

*Fiskihverfi*: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggji og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

*Fiskrækt*: Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 44. gr.

*Fiskur*: Lax (*Salmo salar*), silungur (*S. trutta* og *S. alpinus*) og regnboga-silungur (*S. irideus*), ef ræktaður verður.

*Fiskvegur*: Hvers konar mannvirki, er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

*Föst veiðivél*: Veiðitæki, sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða kró-azt, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

*Göngusilungur*: Silungur, er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

*Kvisl*: Hluti af straumvatni, sem fellur sér milli bakka.  
*Lögn*: Staður í vatni, þar sem fastri veiðivél verður við komið.  
*Ós í á*: Sá staður, þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.  
*Ós í sjó*: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.  
*Ós í stöðuvatn*: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatni.  
*Ós úr stöðuvatni*: Sá staður, þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.  
*Ósasvæði*: Svæði í straumvatni, er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.  
*Sjór*: Salt vatn utan árósa.  
*Straumlína* (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.  
*Straumvatn*: Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumslágflæði.  
*Stöðuvatn*: Ósalt vatn, sem eigi er í greinilegur straumur, annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.  
*Vatn*: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.  
*Vatnasilungur*: Silungur, sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.  
*Veiðimagn*: Samanlögð þyngd veiddra fiska.  
*Veiðimál*: Hvers konar mál, er lúta að lax- og silungsveiði, fiskrækt eða fiskeldi.  
*Veiðitala*: Tala veiddra fiska.  
*Veiðivatn*: Á eða stöðuvatn, sem veiði er í eða mætti í vera, ef fiskur væri ræktaður þar.  
*Veiðivél*: sjá föst veiðivél.

## II. KAFLI Um veiðirétt.

### 2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum.
2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er getur í 22. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til fiskræktar eða vísindalegra rannsókna. Eigi má drepa fisk, sem veiddur er vegna fiskræktar. Veiðieiganda er rétt að hagnýta sér fisk, sem veiddur er til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.
3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúð, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.
4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. mgr. 60. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má eigi vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.
5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. mgr., og er þá löglegt, að landeigandi afsali sér jafnframt afnotarétti til annarrar veiði í því vatni það tímabil, er stangarveiði er við landareignina skilin.

### 3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign, áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella mundu hafa fylgt samkvæmt 1. mgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist  $\frac{3}{4}$  hlutar þeirra innlausnar. Nú á maður

fleiri landareignir en eina, og hefur hann þá eitt atkvæði fyrir lögbýli hvert, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða eldra mati. Nú er landareign í óskiptri sameign, og kemur þá eitt atkvæði fyrir þá jörð. Meiri hluti eigenda ræður, ef þá greinir á.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. mgr., en eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttar krafizt þess, að þeir landeigendur, sem innlausnar krefjast, leysi til sín veiðirétt hinna, er eigi vilja innleysa.

3. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 106. og 108. gr.

#### 4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skulu skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. mgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

#### 5. gr.

Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsparfa á sama hátt sem verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Eigi má leigja veiði í slíkum vötnum eða leyfa hana með öðrum hætti.

#### 6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Hvorum þeirra er einungis heimilt að standa að stangarveiði sínum megin ár, en bjarga má hann fiski að hinu landinu, ef nauðsyn ber til. Nú er ádráttarveiði leyfð, og má þá draga vað að hvoru landi sem vill, en bæta skal landspell eftir mati, ef eigi semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

#### 7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir, sbr. þó 7. og 8. gr. laga nr. 15 1923.

#### 8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatns, og er hún þeim öllum jafnheimil. Nú er forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal sú venja gilda framvegis.

2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanfögnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er getur í þessari grein, eftir 4. gr.

#### 9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði fyrir sameignarlandi eða í félagsvatni (4. gr. 1. mgr.) eða almenningi (8. gr. 1. og 2. mgr.).

### III. KAFLI

#### Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

##### 10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn.
2. Í skránni skal greina:
  - a. Nafn veiðivatns og legu.
  - b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatni og frá hvaða jörðum veiði hafi stunduð verið.
  - c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatni.
  - d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatni síðasta veiðitima, áður en lög þessi tóku gildi, og svo þær, er síðar eru teknar til notkunar.
  - e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatni.
  - f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatni.
  - g. Önnur atriði, sem máli skipta um veiði í vatni og þörf þykir að skrásetja.
3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær skýrslur, sem hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf.
4. Ráðherra er rétt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásetja.

##### 11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, og svo lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.
2. Eftirlitsmaður með veiði hefur með höndum merkingu veiðarfæra eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

##### 12. gr.

1. Hver sá, sem veiði stundar, skal gefa skýrslu um veiði sína. Eigandi veiðiréttinda eða veiðifélag, ef til er, skal heimta veiðiskýrslur af veiðimanni og senda þær veiðimálastjóra.
2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal hann sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis. Kostnaður af prentun eyðublaða greiðist úr ríkissjóði.
3. Eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

##### 13. gr.

1. Hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, og svo gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru, skulu á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Ráðherra setur nánari reglur um slíka skýrslugerð.
2. Ráðherra er rétt að setja reglur um merkingu lax og silungs, sem boðinn er til sölu.

### IV. KAFLI

#### Um friðun lax og göngusilungs.

##### 14. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati

því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.

4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.

5. Nú liggur veiðivatn svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, vilja leysa sjávarveiðina til sín, og er ráðherra þá rétt að leyfa það, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 106. og 108. gr.

6. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, enda æski veiðinotendur eða fiskræktar- eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.

#### 15. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki, þau er lax má í veiða.

2. Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 100 metra, enda gangi lax í það vatn. Rétt er ráðherra eftir tillögu veiðimálastjóra að leyfa slíka veiði, þó aldrei nær ósi en 500 metra. Þó getur ráðherra að fengnu álitni veiðimálanefndar leyft ádrátt fyrir sild og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

#### 16. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

2. Eigi má stunda aðra veiði en stangarveiði í árósi í á eða árósi í stöðuvatn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í árósi úr stöðuvatni, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósi.

3. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 106. gr., ef eigi semur.

#### 17. gr.

Í straumvatni eða hluta straumvatns, þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum, skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni, og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik, en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu, og má þá skjóta þeim ágreiningi til mats samkvæmt 106. gr.

#### 18. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert. Nú telst sannað, að fiskur hrygni í veiðivatni í september, og er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ákveða, að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju, að fengnum tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar.

3. Göngusilung má einungis veiða frá 1. apríl til 20. september ár hvert. Þá er sérstaklega stendur á, getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft, að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet og á stöng.

4. Frá 1. apríl og þar til laxveiði hefst, má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng, lagnet og ádráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst, og er þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartíma þeim, sem getur í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

#### 19. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til þriðjudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klukkustundir á sólarhring hverjum. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

#### 20. gr.

1. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða tiltekin svæði í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum, enda telji veiðimálastjóri, að veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Friðun þessa má binda við tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð, að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila, sem missir öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 106. gr., ef eigi semur.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða heilt vatn gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns.

#### 21. gr.

1. Eigi má veiða lax minni en 35 cm að lengd og eigi göngusilung minni en 20 cm að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur minni en segir í 1. mgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

#### 22. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. er leyfilegt að veiða lax eða göngusilung til klaks eða vísindalegrar rannsóknar, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

2. Til veiði þeirrar, er getur í 1. mgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteini skal gefið út handa einstaklingi, fiskræktarfélagi eða veiðifélagi, og gildir það um tiltekinn tíma. Veiðiskírteini til klaks veitir eigi rétt til veiði í öðru fiskihverfi en því, sem klakið er í, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskræktarfélags, ef til er, og má binda leyfi því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

3. Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra að skipa eftirlitsmann með veiði í klak, þegar þurfa þykir, og skal sá, er veiðiskírteini fær, bera kostnað af eftirliti. Með sama skilorði getur ráðherra sett reglur um, hvar og hvernig sleppa skuli aliseiðum eða fiski í veiðivatn.

#### 23. gr.

1. Frá 25. september til 20. maí ár hvert er bannað að gefa, selja eða láta af hendi með öðrum hætti lax, kaupa hann, þiggja að gjöf, taka við honum eða flytja hann úr landi.

2. Bann það, er getur í 1. mgr., tekur eigi yfir:

- a. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
- b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á löglegum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frystur, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
- c. Lax og göngusilung og seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.
- d. Alifisk.

3. Sá, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, sem felst í þessari grein, er sýkn, ef hann sannar, að fiskur sé veiddur erlendis eða á löglegum tíma.

## V. KAFLI

### Um friðun vatnasilungs.

#### 24. gr.

1. Vatnasilungur, annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði eigi skemmri tíma en í 3 mánuði á tímabilinu frá 15. ágúst til 1. marz ár hvert. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju, en leita skal hann um-sagnar fiskræktarfélags, ef til er.

2. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri í stöðuvatni.

3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að leyfa lagnetjaveiði til heimilisnota á friðunartíma þeim, er getur í 1. mgr., þar sem friðunartími er ákveðinn lengri en 4 mánuðir. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja, að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

4. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra sett reglur um friðun vatnasilungs, þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

#### 25. gr.

1. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna að nokkru eða öllu silungsveiði á tilteknum svæðum í vatni, þar sem hitasilungur eða ungvíði safnast fyrir.

2. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að takmarka eða fella með öllu niður friðun þá, er getur í 24. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda þyki nauðsynlegt að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan fiskstofn í því skyni að rækta annan stofn kynbetri.

3. Ákvæði greinar þessarar um friðun og undanþágu frá friðun má binda við tiltekið tímabil.

#### 26. gr.

Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

## VI. KAFLI

### Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

#### 27. gr.

1. Í straumvatni má nota þau ein veiðarfæri, sem hér segir: Færi, stöng, lag-net og króknet.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa veiði með girðingum, kistum og ádráttarnetjum, þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hann með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það, sem segir í lögum þessum.

3. Ráðherra getur leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðarfæri, m. a. til visindalegra þarfa, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Slík leyfi skal binda þeim skilyrðum um gerð veiðitækja og notkun, sem nauðsynleg þykja.

4. Lagnir, sem eigi voru notaðar fimm síðustu ár fyrir gildistöku laga þessara, má eigi nota nema með samþykki veiðimálastjóra.

5. Nú þykja ákvæði þessara laga um friðun og veiðitæki eigi veita fiskstofni vatns nægilega vernd gegn ofveiði, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.

#### 28. gr.

1. Eigi má veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski, sem fastur er á öngli, í neti eða gildru, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.

2. Eigi má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

#### 29. gr.

1. Lagnet skulu liggja frá bakka beint út í straumvatn eða forstreymis.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, má eigi leggja lagnet svo, að af verði gildra.

3. Króknet skulu lögð frá bakka eða garði, er gengur þvert á straum út frá bakka. Leiðara má hafa niður frá krók, og telst hann hluti veiðivélar.

4. Lagnet og króknet, sem notuð eru í straumvatni, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4.5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Sama máli gegnir um leiðara frá krókneti eða annarri veiðivél.

5. Eigi má nota tvöföld net. Í straumvatni, sem mikið ber með sér af slýi eða slafaki, má þó hafa net til varnar fyrir reki þessu. Slik varnarnet mega þó hvergi vera nær neti eða garði en 3 m, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjast í þeim eða króast. Veiðimálastjóri setur reglur um gerð varnarnetja.

#### 30. gr.

1. Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur né neitt annað, sem festir í fiski, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti. Veiðimálastjóri getur sett nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag, ef til er.

3. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits fiskræktarfélags eða veiðifélags, ef til er. Þar sem veiðifélag er eigi til, skulu veiðieigendur skipta með sér veiði í hlutfalli við veiðiaðstöðu, sbr. 70. gr.

4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni, slíku er ræðir um í 3. mgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast mats samkvæmt 106. gr. laga þessara.

#### 31. gr.

1. Girðing í straumvatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skal þannig gerð, að hlið sé á henni, eigi minna en 5 m breitt við inngang í gildru eða veiðikró. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að hlið skuli höfð á girðingu, þar sem hún liggur yfir ál, sem ætla má, að mikil fiskför sé um. Hlið þessi skulu standa opin þann tíma viku, sem vatn er friðað samkvæmt 19. gr.

2. Inngangur í veiðikrær skal vita undan straumi, og má leiðari frá girðingu aldrei liggja á móti straumi né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, sem forstreymis gengur.

#### 32. gr.

1. Laxakista eða silunga skal þannig gerð, að í þeirri hlið kistu, er mest veit móti straumi, séu eigi færri en tíu spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni



kistunnar til yfirborðs vatns. Slár má því einungis hafa milli spela, að þær gangi þvert á þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið sem segir í 1. mgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir. Má hliðið eigi þrengra vera en 40 cm og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. mgr. veiðimálastjóri getur skipað fyrir um, að sett skuli hlið á garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta straumvatns, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð sem fyrir er mælt í 2. mgr.

4. Kistum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim til eftirlits.

### 33. gr.

1. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en  $\frac{2}{3}$  hluta af breidd straumvatns í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd vatnsins, sbr. 17. gr.

2. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt. Eigi má ádráttarnet vera tvöfalt.

3. Eigi má hafa ádrátt nær fastri veiðivél en 200 metra.

### 34. gr.

1. Aldrei má föst veiðivél, né nokkur hluti hennar, ná lengra út frá bakka en svo, að utan hennar verði  $\frac{2}{3}$  hlutar af breidd ár, en  $\frac{3}{4}$  af breidd óss eða ósasvæðis, sbr. 17. gr., og skal mælt þvert á meginstraumstefnu. Aldrei má veiðivél ná lengra út en í aðalstraumlinu eða í miðjan höfuðál óss eða ósasvæðis.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skulu lagnet, króknet og net í öðrum veiðivélum eigi vera smáriðnari en svo, að 4.5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Í kistum og görðum að kistum má eigi vera skemmra á milli spela en 4.5 cm.

3. Garður að krókneti skal þannig gerður, að fiskur geti eigi ánetjast eða orðið fastur í honum. Veiðimálastjóri setur nánari ákvæði um gerð garðs.

4. Eigi má hafa fleiri en einn krók, kistu eða veiðikró í veiðivél hverri.

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet upp tekin eða svo um þau húið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu sinni. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu opin standa. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

6. Þá er veiðitíma er lokið ár hvert, skal taka veiðivélar upp úr vatni, svo fljótt sem unnt er. Veiðimálastjóra eða eftirlitsmanni er rétt að taka upp veiðivél á kostnað eiganda, er eigi tekur hana upp á réttum tíma.

### 35. gr.

1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar frá bakka og út í vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst og til fastrar veiðivélar.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágrein-  
ingi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í sam-  
ráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

#### 36. gr.

2. Í þann hluta straumvatns, sem fiskur á frjálsa för um fram hjá fastri veiði-  
vél, má eigi láta grjót eða aðra hluti, er tálma för fisksins fram hjá veiðivélinni.  
Eigi má heldur dýpka farveg straumvatns niður frá fastri veiðivél eða upp frá  
henni, svo að þar verði dýpi meira en utan veiðivélarinnar.

2. Nú hefur veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. mgr., og skal honum þá  
skylt, þá er krafizt er, að nema farartálmann á brott eða fylla farveg svo, að í samt  
lag komist. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna  
á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og  
upp tekin, og má eigi setja hana niður fyrr en straumvatn er komið í samt lag og  
áður.

3. Bannað er að styggja eða teygja fisk í fasta veiðivél, ádráttarnet eða á  
veiðistað, svo sem með hávaða, grjótkasti eða ljósum.

#### 37. gr.

Nú rennur straumvatn í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem  
væri hún sérstakt vatn. Þó getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft að  
leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

#### 38. gr.

1. Í stöðuvatni má nota þau veiðitæki ein, er hér segir: Færi, dorg, stöng,  
lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að notuð séu önnur veiðitæki  
samkvæmt því, sem segir í 3. mgr. 27. gr.

2. Eigi má hafa ádrátt í almenningi stöðuvatns. Ráðherra er þó rétt að veita  
undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því.

3. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um  
fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja, sem leyfð eru samkvæmt 1. mgr., og um  
lágmarksstærð silungs, er veiða má.

4. Veiði í stöðuvatni, sem lax og göngusilungur fer um, skal hlita sömu  
ákvæðum sem í straumvatni væri um fjarlægð veiðivéla og gönguhelgi.

5. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkvæmt reglum  
þeim, er getur í 3. mgr., og skal þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

### VII. KAFLI

#### Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

#### 39. gr.

1. Ráðherra er rétt að leyfa, að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni,  
enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegar og hafi umsjón með framkvæmd  
verksins.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot  
vatns, er með þarf til fiskvegar, og þola verður hann þær eignakvaðir, óhagræði  
og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda  
komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi eða vatnsmagni í honum fer eftir því, sem segir  
í 1. og 2. mgr.

#### 40. gr.

1. Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegi né nær neðra mynni hans en 50  
metra né nær efra mynni hans en 30 metra. Ákvæði þetta tekur þó eigi yfir veiði

til klaks eftir veiðitíma né yfir veiði til visindaparfa, enda hafi sá, er veiðir, fengið veiðiskirteini samkvæmt 22. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

#### 41. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem tálma fiskför í vatninu og eru eigi lögleg veiðitæki, og skal þá þeim, er gera lætur, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, til þess að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður. Honum er og skylt að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegjar er háð samþykki veiðimálastjóra, og skal verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda eigi:

- a. Ef vatn er eigi fiskgengt af öðrum ástæðum.
- b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.
- c. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegjar og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaði af veiði nemur, enda séu þá veiðisþjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, bætt fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám, svo sem segir í 2. mgr. 39. gr., til fiskvegjar, sem gerður er samkvæmt þessari grein.

#### 42. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarra áþekkra nota eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurði, vatnsveituskurði, öðrum skurði eða leiðslu, og getur þá veiðimálastjóri krafist þess, að búið sé svo um skurð eða leiðslu, að fiskur eða fiskseiði gangi eigi í. Kostnað af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitu.

#### 43. gr.

Nú verða tíðar breytingar á vatnsmagni veiðivatns vegna vatnsmiðlunar, og skal þá haga miðlun þannig, að sem minnst tjón hljótist á fiskstofni veiðivatns. Svo skal og til haga, þá er uppistöður eru tæmdar, svo sem vegna hreinsunar. Hafa skal samráð við veiðimálastjóra um þetta.

### VIII. KAFLI

#### Um fiskræktarfélag.

#### 44. gr.

1. Rétt er mönnum, sem veiðirétt eiga í fiskihverfi, að gera með sér félagsskap um fiskrækt í því fiskihverfi á þann hátt, er í þessum kafla segir.

2. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eyðing sels og annars veiðivargs, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

#### 45. gr.

1. Nú vilja menn stofna fiskræktarfélag við fiskihverfi, og skal þá kveðja til fundar þinglýsta eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er hægt að stunda í því fiskihverfi. Nú á félag land, og skal boða formann félagsstjórnar. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, og skal boða þinglýstan eiganda veiðiréttar. Nú verður landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarvistar, og skal boða leiguliða. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn.

2. Fund skal boða skriflega og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag.

46. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 45. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal koma eitt atkvæði. Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefur verið gerður félagi í stað landeiganda samkvæmt 48. gr.

3. Nú kemur til fundar  $\frac{1}{3}$  þeirra manna, sem boðaðir eru samkvæmt 45. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, og má þá stofna félag, ef  $\frac{2}{3}$  fundarmanna samþykkja.

4. Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, er búi málið undir annan fund. Nefndin semur frumvarp til félagssamþykktar samkvæmt 49. gr., gerir áætlun um kostnað af starfsemi félags, leitar álits kunnáttumanna, ef þurfa þykir, og aflar þeirra gagna annarra, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

47. gr.

1. Þá er nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný samkvæmt 45. gr.

2. Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefur aflað. Skal þá enn ræða stofnun félags og taka ákvörðun um hana. Ef meiri hluti þeirra atkvæðisbærra manna, sem fund sækja, samþykkir félagsstofnun, er öllum veiðieigendum á því félagssvæði skylt að gerast félagar.

48. gr.

1. Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði æskir þess og landeigandi samþykkir, eða sé fyrirsjáanlegt, að landeigandi geti eigi tekið þátt í félagsskapnum. Boða skal leiguliða á þennan fund.

2. Skylt er landeiganda, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum 10-falda þá fjárhæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgangur jarðarinnar megi hækka fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefur á jörðinni, meðan leiguliði bjó þar og greiddi gjöld þau, er jafnað er niður samkvæmt 53. gr., enda megi þakka veiðiaukningu starfsemi félagsins.

49. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt þegar á stofnfundi eða á öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykkt ræður afl atkvæða. Þar sem félagssvæði er stórt, má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Verkefni félags og félagssvæði.
- c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- d. Reikninga félags og endurskoðun.
- e. Greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

50. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að staðfesta megi hana, og sendir hann

samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasendum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann samþykkt, en ella þá er lagfært hefur verið það, er athugavert þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

#### 51. gr.

Nú hefur fiskræktarfélag verið stofnað samkvæmt 45.—48. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnun fyrir ráðherra, áður en tvö ár eru liðin frá staðfestingu samþykktar félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú sér ráðherra, að vefenging er á rökuum reist, og ber honum þá að fella samþykkt félags úr gildi. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmaeltum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en eitt ár er liðið frá dagsetningu úrskurðar ráðherra.

#### 52. gr.

1. Aðalfund skal halda árlega og aukafundi, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

2. Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en 7 dögum fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

3. Á fundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

4. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Breyting á samþykkt félags eða gjaldskrá þarf þó samþykki meiri hluta félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða gjaldskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða gjaldskrá, og skal þess getið í fundarboði.

#### 53. gr.

1. Kostnaði af starfsemi félags skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skráin skal gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru.

2. Lögmaetur félagsfundur samþykkir gjaldskrá, og gildir hún um 5 ár, nema  $\frac{2}{3}$  hlutar félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr. Gjaldskrá skal senda ráðherra til staðfestingar samkvæmt 50. gr.

#### 54. gr.

1. Nú verða eigendaskipti að jörð á félagssvæði, og er hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur félagsfundur kveðið svo á, að hinn nýi ábúandi gerist félagi.

2. Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi fiskræktarfélags, en utan félagssvæðis, og skal leggjá þá jörð við það félagssvæði, ef félagsfundur samþykkir. Boða skal eiganda slíkrar jarðar á fundinn, og á hann þar atkvæðisrétt um málið.

#### 55. gr.

1. Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það rétt, ef meiri hluti eigenda þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi um sig, samþykkir félagsstofnun. Að öðru fer um stofnun félags eins og segir í lögum þessum.

2. Nú þykir æskilegt, að tvö félög eða fleiri sameinist, og er það rétt, ef meiri hluti félagsmanna í hverju félagi samþykkir, enda mæli veiðimálastjóri með sameiningu. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaga eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla.

56. gr.

Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru í staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki, og fylgir þeim í eitt ár frá eindaga lögveð í jörð eða veiðiréttindum, og stendur það framar öllu sammingsbundnu veði.

57. gr.

Stjórn fiskræktarfélags skal árlega gefa veiðimálastjóra skýrslu um starfsemi félagsins og þær skýrslur aðrar, er veiðimálastjóri kann að æskja.

58. gr.

1. Nú starfar fiskræktarfélag við fiskihverfi, þar sem áður var engin veiði eða svo lítil, að hún var eigi talin í skýrslum um undanfarin 10 ár, og er þá félaginu rétt að gera samþykkt á lögmætum félagsfundum um fullnaðarfriðun fisks í því fiskihverfi eða friðun gegn allri veiði eða tilteknum veiðiaðferðum.

2. Samþykkt um friðun samkvæmt 1. mgr. gildir um 5 ár í senn, nema meiri hluti félagsmanna samþykki að breyta henni fyrir eða ráðherra mæli svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkvæmt 50. gr.

59. gr.

1. Nú vill fiskræktarfélag, með ráði og samþykki veiðimálastjóra, auka vikufriðun eða fjarlægð milli veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða ákveða lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætum félagsfundum samþykkir, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 46. gr. laga þessara.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

3. Nú þykja ákvæði samþykktar koma ójafnt niður á félagsmenn, og ber þá félagi að bæta þeim, er vanhaldnir verða, eftir mati samkvæmt 106. gr.

60. gr.

1. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvar eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa, að fiskræktarfélag taki leigunámi um tiltekið tímabil gegn fullum bótum veiði í vatni eða hluta vatns í fiskihverfi félagsins, þar sem hentugt þykir, að félagið afli sér klakfiska.

61. gr.

Fiskræktarfélagi má slíta, þá er  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkja á félagsfundum, sem boðaður er með sama hætti sem stofnfundur. Nú er félagsfundur eigi lögmætur eða nægur meiri hluti félagsmanna er eigi á fundi, og má boða til annars fundar á sama hátt. Er þá rétt að slíta félagi, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna félagsslit.

## IX. KAFLI Um veiðifélög.

62. gr.

1. Rétt er mönnum að gera með sér félagsskap um veiði í þeim tilgangi:

- a. að félag láti stunda veiði,
- b. að félag selji á leigu rétt til stangarveiði.

2. veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt samkvæmt VIII. kafla, eftir því sem við á, enda starfi eigi fiskræktarfélag á svæði veiðifélags.

3. Um slíkan félagsskap sem getur í 1. mgr. skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

63. gr.

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:

- a. heilt fiskihverfi,
- b. einstakt veiðivatn í fiskihverfi,
- c. hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.

2. Veiðifélag skal taka til allrar veiði á félagssvæðinu.

3. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og verður þá félagssvæði ætíð að ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð.

64. gr.

1. Leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar þarf til stofnunar veiðifélags.

2. Nú vilja menn stofna veiðifélag, og skulu þeir sækja um leyfi veiðimálastjóra. Umsókn skal fylgja:

a. Greinargerð fyrir starfsemi félags, eins og ráðgerð er, veiðiaðferðum, veiðistöðum og tilefni til félagsstofnunar.

b. Skýrsla um fyrirhugað félagssvæði og greinargerð fyrir takmörkum þess, sé um að tefla hluta veiðivatns samkvæmt c-lið 1. mgr. 63. gr.

3. Þá er veiðimálastjóri hefur rannsakað skjöl þau, er getur í 2. mgr., og aðra málavöxtu, leggur hann málsskjölin ásamt álitu sínu fyrir veiðimálanefnd, sem tekur ásamt veiðimálastjóra fullnaðarákvörðun um leyfi til félagsstofnunar.

4. Þá er ákveðið hefur verið að veita leyfi til félagsstofnunar samkvæmt 3. mgr., gefur veiðimálastjóri út leyfi þetta, og skal það bundið við tiltekið félagssvæði og tiltekna starfsemi félags.

65. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega undirbúin samkvæmt 64. gr., og skulu þá frumkvöðlar félagsstofnunar boða til fundar um málið.

2. Nú er ráðgert að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign, og skal boða notanda veiðiréttar.

3. Nú er ráðgert að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal þá boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

4. Fund skal boða skriflega og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag.

66. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 65. gr., skal leggja fram leyfi veiðimálastjóra til félagsstofnunar ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

3. Ef  $\frac{2}{3}$  þeirra, sem boðaðir eru til fundar samkvæmt 65. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, sækja fund, má stofna félag þegar á þeim fundi, enda samþykki  $\frac{3}{4}$  fundarmanna félagsstofnun.

67. gr.

1. Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, er undirbýr annan fund. Nefndin semur frumvarp til samþykktar fyrir félag samkvæmt 69. gr., leitar álits sérfróðra manna, ef þurfa þykir, og aflar þeirra gagna annarra, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

2. Þá er nefndin hefur samið frumvarp til samþykktar, skal leggja það fram á hentugum stað ásamt öðrum skjölum, sem félagsstofnun varða, til sýnis væntanlegum félagsmönnum. Framlagningu skjala skal auglýsa með þeim hætti, er þar tíðkast í héraði um birtingu auglýsinga, sem almenning varða, svo og í Ríkisútvarpinu. Skjölín skulu liggja frammi til sýnis eigi skemmri tíma en 3 vikur.

68. gr.

Þá er lokið er undirbúningi samkvæmt 67. gr., skal nefndin boða til annars fundar með þeim hætti, er segir í 65. gr. Á þeim fundi skal enn ræða félagsstofnun og taka ákvörðun um hana. Nú samþykkja  $\frac{2}{3}$  fundarmanna félagsstofnun, og er þá öllum öðrum, sem fundur var boðaður, skylt að gerast félagar.

69. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Um samþykkt og önnur félagsmálefni ræður afl atkvæða.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
- b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, allar þær jarðir, sem eru á félagssvæðinu.
- c. Verkefni félags.
- d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
- e. Reikninga félags og endurskoðun.
- f. Meðferð á afla félags eða arði og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

3. Í samþykkt má ákveða, að veiðifélag starfi í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns samkvæmt c-lið 1. mgr. 63. gr. Hver deild ráðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur.

70. gr.

1. Á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hvernjar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og þarf hún  $\frac{2}{3}$  atkvæða félagsmanna. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

3. Nú telur félagsmaður gengið á hluta sinn með arðskrá, og getur hann þá krafizt mats samkvæmt 106. gr.

71. gr.

Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli sem þeir taka arð.

72. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt og arðskrá til staðfestingar. Nú þykja samþykkt og arðskrá eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi, og sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann þær, eða þá er lagfært hefur verið það, er ábótavant þykir, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.



73. gr.

Nú hefur veiðifélag verið stofnað samkvæmt 65.—68. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnun fyrir ráðherra, áður en þrjú ár eru liðin frá staðfestingu félagssamþykktar. Vefengingu, sem síðar berst, skal eigi taka til greina. Nú telur ráðherra, að vefenging sé á rökum reist, og ber honum að fella samþykkt félagsins úr gildi. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmatum tíma, en hann eigi tekið hana til greina, og er rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en eitt ár er liðið frá dagsetningu úrskurðar ráðherra.

74. gr.

Nú hefst veiði fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi veiðifélags, en utan félagssvæðis, og skal leggja þá jörð við það félagssvæði. Er ábúanda hennar skylt að gerast félagi, ef félagsfundur samþykkir. Boða skal ábúanda slíkrar jarðar fund, og á hann þar atkvæði um málið.

75. gr.

Skylt er stjórn veiðifélags að gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi félagsins og þær skýrslur aðrar, er veiðimálastjóri kann að æskja.

76. gr.

1. Aðalfund skal halda árlega og aukafund, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða  $\frac{1}{4}$  félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

2. Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á annan þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

3. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

4. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki  $\frac{2}{3}$  félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða gjaldskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, og skal þess getið í fundarboði. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

77. gr.

1. Þá er veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar.

2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmanni og öðrum þeim, sem á félagssvæði búa, að hafa undir hendi ádráttarnet, nema sannað geti, að net eigi að nota til veiði í vatni utan félagssvæðis.

3. Ákvæði 1. mgr. tekur eigi til þess manns, sem fengið hefur veiðiskirteini samkvæmt 22. gr.

78. gr.

Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 34. gr. laga þessara um lengd fastra veiðivéla út í vatn og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

79. gr.

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Skylt er félagi, þá er ábúandi fer frá jörð á félagssvæði, að greiða honum hluta hans í eignum félagsins.

3. Nú semur eigi um skuldbindingar eða eignarhluta samkvæmt 1. og 2. mgr., og sker þá mat úr.

80. gr.

Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það rétt, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

81. gr.

Veiðifélagi má slíta, þá er  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykka á félagsfundi, sem boðaður er með sama hætti sem stofnfundur. Nú er félagsfundur eigi lögmætur eða nægur meiri hluti félagsmanna er eigi á fundi, og má boða til annars fundar á sama hátt. Er þá rétt að slíta félagi, enda samþykki  $\frac{2}{3}$  atkvæðisbærra fundarmanna félagslit.

## X. KAFLI

### Um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi.

82. gr.

Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkissjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.

83. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

84. gr.

Klak- og eldisstöðvum þeim, er getur í 82. og 83. gr., skal heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, sbr. 22. gr., að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé að dómi veiðimálastjóra að fullu bættur skaðinn.

85. gr.

Þeir, sem rækta vilja fisk í veiðilausu vatni, skulu ganga fyrir öðrum um kaup á seiðum.

86. gr.

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdættir af ráðgerðum mannvirkjum.

87. gr.

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð, og skal húa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá, að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Umbúnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar, og fer um gerð stíflu samkvæmt 42. gr.

88. gr.

Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fiska í veiðivatni, og skal þá haga vatnstöku svo, að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

89. gr.

Ákvæði 21., 27., 28., og 38. gr. taka eigi yfir fisk í eldisstöðvum.

90. gr.

Forráðendur eldisstöðvar skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

91. gr.

Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni, og skal bæta tjónið eftir mati, ef eigi semur.

## XI. KAFLI

### Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

#### 92. gr.

Eigi má flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni, eða lifandi hrogn slíkra fiska, nema ráðherra, sem fer með veiðimál, leyfi og veiðimálastjóri mæli með því.

#### 93. gr.

1. Sótthreinsa skal fisk, hrogn, ílát og umbúðir um fisk eða hrogn, sem flutt eru til landsins samkvæmt 92. gr. Veiðimálastjóri gefur fyrirmæli um sótthreinsun og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum veiðimálastjóra.

#### 94. gr.

Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra að kveða á um sótt-hreinsun á fiski og hrognum í klak- og eldisstöðvum, enda þyki hættu á sýkingu, þá er fiskur er fluttur þaðan. Með sama skilorði er ráðherra rétt að fyrirskipa sótt-hreinsun á fiski og hrognum, sem flutt eru lifandi frá veiðivatni, ef grunur leikur á sýkingarhættu.

#### 95. gr.

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra þá rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

## XII. KAFLI

### Um ófriðun sels.

#### 96. gr.

1. Hverjum manni er rétt að skjóta eða stygja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

2. Á Hvanmsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir, vera undanþegið banni gegn selaskotum og uppi-drápi.

#### 97. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og skulu þau þá ófriðuð, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiði.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósi vatns sem segir í 1. mgr., en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ófriða þau, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að mat þyki sýna, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

#### 98. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er getur í 97. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær að tiltölu við veiði sína síðasta ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. eða 60. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

3. Nú eykst eftir ófriðun sels lax- eða göngusilungsveiði jarðar, er bætur hlýtur samkvæmt 2. mgr., og skal sá hagsauki þá dreginn frá bótum, enda krefjist mats einhver, sem bætur skal greiða. Nú sýnir mat, að arður af lax- eða silungsveiði jarðar hefur aukizt sem nemur arði af selveiði, og skulu bætur fyrir hana niður falla.

### XIII. KAFLI

#### Um stjórn veiðimála og eftirlit.

##### 99. gr.

1. Ráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.
2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

##### 100. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttnamaður um vatnalíffræði og veiðimál. Ráðherra skipar veiðimálastjóra, og tekur hann laun úr ríkissjóði.

2. Veiðimálastjóri hefur með höndum þessi störf:

- a. Hann annast rannsókn vatna og fiska og sér um skrásetningu veiðivatna.
- b. Hann safnar skýrslum um veiði og fiskrækt.
- c. Hann gerir eða lætur gera uppdrætti að klakstöðvum, eldisstöðvum og fiskvegum og hefur umsjón með gerð slíkra mannvirkja.
- d. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun eða veiði.
- e. Hann veitir leiðbeiningar um veiðimál og er ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

##### 101. gr.

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti þrír menn. Ráðherra skipar nefndina, einn nefndarmanna að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annan að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands. Nú verður stofnað samband íslenskra fiskræktarféлага eða veiðiféлага, og skulu þá tveir nefndarmanna skipaðir að fengnum tillögum þessara sambanda í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að þeim málum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiði.

##### 102. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði, þar sem þurfa þykir. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær skýrslur um veiði og vötn, er hann kann að æskja. Þeir skulu gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

3. Veiðimálastjóri gefur út skilríki handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsta för um veiðivatn og meðfram því, eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

##### 103. gr.

1. Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna, að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist það að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði eða sýslusjóðum. Rétt er sýslunefnd að kveða svo á, að veiðieigendur endurgreiði sýslusjóði hluta hans að tiltölu við veiði hvers þeirra um sig næstliðið ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi, og má taka það lögtaki.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með veiði, þar sem sérstaklega stendur á, enda æski þess eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirliti.

#### XIV. KAFLI

##### Um styrkveitingar til fiskræktar.

###### 104. gr.

Styrk skal veita úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að  $\frac{1}{3}$  af áætluðum kostnaði:

1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar, enda hafi fiskur verið alinn þar eigi skemur en 3 ár. Rétt er ráðherra að ákveða, hvaða mannvirki skuli styrkja.

###### 105. gr.

Veita skal lán úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947 til framkvæmda þeirra, sem getur í 104. gr. Lán skulu og veitt til að reisa íbúðarhús við eldisstöðvar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, þegar fiskur hefur verið alinn þar í 3 ár og skilyrði til eldis hafa reynzt hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

#### XV. KAFLI

##### Um matsgerðir og skaðabætur.

###### 106. gr.

1. Nú greinir menn á, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál, takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta af vatni, svo sem ós, ósasvæði, kvísl, ál, foss, lögner eða veiðistað, legu aðalstraumlinu eða önnur slík efni, sem getur í lögum þessum, og skal þá skera úr ágreiningi með mati.

2. Mat samkvæmt 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma tveir menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, er meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, en ráðfæra skal hann sig við veiðimálastjóra, áður en hann framkvæmir dómkvaðningu. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. Mati má skjóta til yfirmats, áður en liðnar eru 8 vikur frá birtingu mats. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn meðal dómara Hæstaréttar, en annan eftir tillögu veiðimálanefndar.

4. Rétt er að skjóta ágreiningi, er getur í 1. mgr., beint til yfirmatsmanna, enda séu aðilar ásáttir um það.

5. Matsmenn ákveða kostnað af mati og skiptingu hans á aðila.

6. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

###### 107. gr.

1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirhafa honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 106. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hlut eiga.

108. gr.

Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

XVI. KAFLI

Refsiákvæði og réttarfars.

109. gr.

1. Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og varðar það sektum, allt að 15000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem væri hann sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

110. gr.

Það varðar mann sektum, 1000—15000 krónum, ef

- a. hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð;
- b. hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem hannað er að nota, sbr. þó 111. gr., eða fylgir eigi reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð;
- c. hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal;
- d. hann brýtur ákvæði 23. eða 38. gr.;
- e. hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn;
- f. hann brýtur reglur, sem settar eru samkvæmt lögum þessum um þau efni, er greinir í stafliðum a—e.

111. gr.

Nú notar maður sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði, og skal hann þá sæta sektum, eigi lægri en 8000 krónum, eða varðhaldi.

112. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 5000 krónum. Sömu sektum varða brot á lögmætum samþykktum fiskræktarfélag og samþykktum veiðifélaga.

113. gr.

Brot þau, er getur í a—b-liðum 110. gr. og 111. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

114. gr.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang.

115. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

XVII. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

116. gr.

Fiskræktarfélag, veiðifélag og fiskræktar- og veiðifélag, sem löglega hafa verið stofnuð samkvæmt eldri lögum, skulu haldast, en breyta skulu þau á löglegum aðalfundi samþykktum sínum til samræmis ákvæðum þessara laga, áður en tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra.

#### 117. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Lög nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 94 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 8 11. marz 1946, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 22 22. marz 1949, um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 98 18. des. 1950, um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 101 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 27 16. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Önnur ákvæði laga, er fara í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### I.

#### Aðdragandi.

Með bréfi, dags. 21. júlí 1954, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd manna til þess að endurskoða lög um lax- og silungsveiði „með hliðsjón af nýjum viðhorfum, sem skapast hafa í laxveiðimálum, síðan lög þessi voru sett“. Í nefndinni áttu sæti Pálmi Hannesson, sem var formaður, Björn Ólafsson, Gizur Bergsteinsson, Gunnlaugur Briem og Þórir Steinþórsson. Skyldi nefndin hafa náð samstarf við veiðimálastjóra, Þór Guðjónsson. Réð hún hann ritara sinn í öndverðu, og hefur hann setið á öllum fundum nefndarinnar og veitt henni mjög mikilsverða aðstoð.

Nefndarmenn yfirfóru öll ákvæði íslenskra laga um lax- og silungsveiði og kynntu sér jafnframt löggjöf ýmissa erlendra ríkja um þau efni, einkum Norðurlanda og Stóra-Bretlands. Þá er þeir höfðu athugað málavöxtu, kom þeim saman um að endursemja lög nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, fremur en semja frumvarp til laga um breytingar á þeim, fyrir því að breytingar, er þurfa þótti, tóku til flestra greina laganna, auk þess sem rétt sýndist að taka upp margvísleg nýmæli.

Ritað var öllum fiskræktarfélögum og veiðifélögum, en auk þess Landssambandi stangaveiðimanna og þessum aðilum veitt færi á því að bera fram tillögur sínar. Bárust nefndinni svör frá ýmsum þeirra.

Gildandi lög um lax- og silungsveiði voru að meginefni sett á Alþingi 1932 og gengu í gildi 1. janúar 1933. Fram til ársins 1940 var þeim breytt sjö sinnum, en þó eigi í meiri háttar atriðum. Árið 1941 voru breytingar þessar felldar inn í meginmál laganna frá 1932 og lögin birt sem lög nr. 112/1941. Frá þeim tíma og fram til ársins 1952 var lögnum enn breytt sex sinnum. Á Alþingi 1954 kom enn fram frumvarp til breytinga á þeim. Sýndist þá ráðherra tími til kominn að láta endurskoða lögin í heild sinni, einkum vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur af þeim og framkvæmd þeirra, en jafnframt með tilliti til framfara um veiðitækni.

Nefndarmenn urðu á einu máli um það, að lög um lax- og silungsveiði hefðu eigi náð því meginmarkmiði sínu að auka fiskstofna í veiðivötnum. Veldur því

öðru fremur, að fastar er gengið að veiði en fyrirsjáanlegt var, þá er lögin voru sett, og með veiðnari tækjum. Er svo komið í ýmsum fiskihverfum, að ákvæði laganna veita engan veginn nægilega vernd gegn ofveiði, sem jafnvel kynni að leiða til auðnar. Telja nefndarmenn brýna nauðsyn hera til þess að stemma stigu við slíku og hafa í því skyni samið strangari ákvæði en í gildandi lögum um friðun gegn veiði, stangarveiði sem netja, fjarlægð veiðivéla, stangafjölda, lax- og silungsveiði í sjó.

Þess skal getið, að nefndarmenn hafa orðið á eitt sáttir um ákvæði frumvarps þessa.

## II.

### Um lax- og silungsveiði

eftir Þór Guðjónsson veiðimálastjóra.

Frv. þetta fjallar um veiðimál, en samkvæmt orðaskýringum frv. eru það mál, er lúta að lax- og silungsveiði, fiskrækt og fiskeldi. Í greinargerð þessari verður rætt um málin í þeirri röð, sem nú var nefnt.

#### Verðmæti veiðinnar.

Lax og silungur teljast til náttúruauðæfa Íslands. Er hér um töluverð verðmæti að ræða, þegar þess er gætt, að árlegur afrakstur af veiði er aðeins vextir af höfuðstóli. Afraksturinn hefur verið áætlaður um fimm milljón króna virði á ári, miðað við söluverð framleiðenda.

Veiðiréttindi fylgja með fáum undantekningum landi, sem að ám og stöðuvötnum liggur. Eftir því sem segir í fasteignamati 1942, hafa 12.1% jarða á landinu laxveiði og 26.3% silungsveiði. Töluverður arður er af veiðinni, einkum laxveiði og góðri silungsveiði. Tekjur af veiði hafa orðið mörgum bændum undirstaða undir umbætur á jörð og húsakosti og bætt afkomu þeirra á annan hátt. Auk þess hefur veiði, þar sem hún er stunduð af bændum og heimilisfólki þeirra, orðið ánægjuleg tilbreytni frá daglegum störfum, samtímis því að hún aflar fæðu.

Gildi lax- og silungsveiði fyrir þjóðina má meta með ýmsu móti. Þar sem veiðin er til muna orðin tómsundaiðja, hefur hún einnig fengið félagslegt gildi. Með aukinni borgarmenningu og stytum vinnutíma hefur komið fram nýtt vandamál hér á landi á síðustu árum, það, hversu þegnarnir skuli verja tómsundum sín- um á gagnlegan hátt. Hið opinbera lætur þetta vandamál meira og meira til sín taka með siauknum fjárframlögum, t. d. til félagsheimila, íþróttastarfsemi og annarrar félagsstarfsemi og námskeiðahalds. Erlendis hefur aðstaða til stangarveiði verið eflað af opinberum aðilum í því skyni að leysa umrætt vandamál. Á síðustu árum hefur stangarveiðin hér á landi einmitt beint í þessa átt, þar sem æ fleiri nota tómsundir sínar á sumrin til að veiða á stöng sér til hressingar og hvíldar frá daglegum störfum. Verður því að viðurkenna þjóðfélagslegt gildi stangarveiði.

Þá hefur lax og silungur skapað þjóðinni gjaldeyrstekjur. Lax hefur verið útflutningsvara um langa hríð, silungur einnig, en þó í miklu minna mæli. Útflutningur hefur verið lítill og stopull þar til um 1860, að farið var að flytja út lax á hverju ári svo að nokkru næmi. Á þessari öld hefur útflutningur verið oftast milli 10 og 20 tonn á ári hverju, en mest á árunum 1930—40, eða að meðaltali um 25 tonn. Mest hefur verið flutt út á einu ári 44 tonn, en það var 1936. Nú síðustu árin hefur útflutningur verið með minnsta móti, þar sem laxinn hefur verið seldur innanlands, enda hefur lítið kjöt verið á markaðnum undanfarin sumur. Útflutningur á silungi hefur verið stopull. Síðustu 20 árin hefur þó silungur verið fluttur út á hverju ári að tveimur árum undanskildum. Á 8 árum af þessum 20 hefur útflutningurinn numið frá 10 til 49 tonnum á ári, en önnur ár minnu.

Að lokum skal minnst á, að lax og silungur er flestum hátíðamaturlax og á borðum manna, þegar minnst er á boðstólum af öðrum eftirsóttum réttum. Þá hefur



lax og silungur mjög verið borinn fyrir erlenda ferðamenn, sem sækja okkur heim á sumrin. Er það nokkurs virði að geta boðið ferðamönnum svo ljúffengan rétt.

#### Ýtarleg veiðilöggjöf.

Öllum ætti að vera það áhugaefni, að þjóðin fái sem mestan afrakstur af veiði. Grundvallarskilyrði þess er skynsamleg nýting veiði. Til þess þarf tvenns að gæta, annars vegar að veiði sé stillt í hóf, þannig að fiskstofnarnir geti haldizt við, og hins vegar að fiskur sé ræktaður. Þar sem fiskstofnar í veiðivötnum hér á landi eru litlir og veiðitækni mikil, verður hagnýting veiði eigi skynsamleg, nema því aðeins að í gildi sé veiðilöggjöf, sem hæfi aðstæðum.

Íslensk löggjöf hefur haft ákvæði um veiði líklega allt frá stofnun Alþingis. Í Grágás eru ákvæði um samveiði, skiptingu veiði og fyrstu drög til friðunar. Í Járnsíðu og síðar í Jónsbók eru hliðstæð ákvæði. Saga veiðilöggjafar skal annars ekki rakin hér, því að það var gert ýtarlega í greinargerð með frv. til laga um lax- og silungsveiði, þskj. nr. 343, 1930, og skal vísað til hennar um það efni.

#### Markmið laganna.

Nefndin var sammála um, að markmið laga um lax- og silungsveiði eigi að vera það, er getur í greinargerð fyrir frv. til laga um lax- og silungsveiði 1930. Vernda beri annars vegar fiskstofna fyrir ofveiði og hins vegar að jafna veiðihlunnindum meira niður á veiðijarðir en nú er gert.

Um það leyti sem lög nr. 61/1932 voru sett, var mestur hluti aflans tekinn neðan til í ánum og með þeim afleiðingum, að aflinn skiptist óréttlátlega niður og fátt fiska komst á hrygningarstöðvarnar. Þegar athugað er ástand þessara mála nú, kemur í ljós, að við þær ár, þar sem veiðifélög eru ekki starfandi, er meiri veiðiútbúnaður neðan til í ánum heldur en áður var, og hafa lögin því bersýnilega ekki náð markmiði sínu.

Á félagssvæðum veiðifélaga hefur markmiði laganna hins vegar oftast verið náð um verndun fiskstofna, en sjaldnar um jöfnun veiðihlunninda. Skal nú rætt um nokkur þýðingarmikil atriði, er varða þessi mál.

#### Saga veiðanna.

Þegar saga lax- og silungsveiði hér á landi er athuguð, kemur í ljós, að nú á einni öld hefur orðið margfalt meiri þróun í veiðitækni heldur en samanlagt á öldunum þar á undan, allt frá því að land byggðist. Afleiðing hinnar öru þróunar, sem þó hefur orðið langmest síðustu áratuginna, er sú, að þungamiðja veiðanna hefur færzt niður eftir ánum og allt niður á ósasvæðin. Núverandi skipting arðs af veiði er því nýlegt og sums staðar nýtt fyrirbrigði. Það er því ekki ósanngjarnt, að meiri jöfnuður komist á um veiðiarð heldur en verið hefur um sinn.

Langstum hafa tæki til veiði lax og silungs verið frumstæð og lítt veiðin. Frá landnámstíð og fram á 18. öld voru þessi veiðitæki notuð: Færi, stingir (ljóstur), kvíslar, ífætur, háfar, teinur, lagnet og ádráttarnet. Þá hefur einnig sú aðferð verið notuð við veiði að veita vatni af fiski. Þessum veiðitækjum var helzt komið við í vatnslitlum ám, þ. e. í smáám og þverám stóránna. Sum þeirra voru einnig notuð í vötnum og lítills háttar í lygnum hlutum stóránna. Á 18. öld kom fyrsta mikilsverða nýjungin í veiðitækni, en það var kistuveiði. Hún var tekin upp í litlum ám. Þá var einnig hafin notkun ádráttarnetja (reknetja) í stóránnum og veiði reynd á nýjum stöðum með netjum og með grjóthleðslum („krókahleðslum“) undir fossum. Ádráttarveiði í stóránnum virðist hafa verið harla lítil fyrst um sinn, enda tekur Magnús Stephensen fram í Eftirmælum átjándu aldar, að enn eigi menn eftir að sækja til veiða í „stórfljótum“. Veiði í stóránnum virðist því fyrst hefjast á 19. öld, og þróun veiðitækni hefur verið hæg fyrri helming aldarinnar. Lagnet voru

notuð og þeim lagt við tanga og á staði, þar sem straumur hefur haldið þeim frá landi.

Skömmu eftir miðja öldina lærðu Borgfirðingar að nota króknet, sem reyndust miklu veiðnari en lagnet. Þeir lærðu og að gera garða og kláfafyrirstöður, sem króknetjunum var lagt við. Á árunum næst á eftir jókst útflutningur á laxi, og við það harðnaði veiðisókn, en henni fylgdu aftur umbætur og fjölgun á veiðitækjum og útfærsla á veiðisvæðum niður í árósa stóránna og jafnvel út í sjó. Veiði á ósasvæðum Hvítár í Borgarfirði var í fyrstu með svipuðum hætti og upp í ánni, þ. e. kláfafyrirstöður, sem króknetjum var lagt við. Í Ölfusárósi varð kláfafyrirstöðum ekki komið við, en þar var dregið lítils háttar á. Eftir 1920 kom nýtt veiðitæki til sögunnar í Ölfusárósi, sem gerbreytti veiði þar um slóðir og olli því, að mest var veitt niður á ósasvæði. Þetta veiðitæki er girðingin, þ. e. fyrirstaða úr staurum eða járnteinum, reknum niður í sand- og leirbotn, þar sem straumlítið er, en á staurana er strengt hænsnanet eða rimlahlerum komið fyrir við þá. Við girðingar er komið fyrir gildrum.

Ekki er vitað með vissu, hvenær stangarveiði hófst hér á landi, en sumir telja, að fornmenntu hafi veitt á stöng. Um 1860 tóku Englendingar að venja komur sínar hingað til lands. Árið 1858 voru Elliðaárnar leigðar Skota til stangarveiði til þriggja ára. Nokkrum árum síðar hófu Englendingar laxveiðar í Borgarfirði gegn því að skila bændum veiðifangi. Árið 1884 tóku þeir hluta af Grímsá á leigu og síðar aðrar ár í Borgarfirði og víðar. Sumar ár voru lengstum í leigu Englendinga fram undir síðasta stríð, en aðrar um árabíl í senn. Íslendingar lærðu að veiða á stöng af Englendingum, en fáir Íslendingar hafa lagt stund á stangarveiði fyrr en 2—3 síðustu áratuginna. Veiði Englendinga var hóflega stunduð, og hlutu árnar þvi góða meðferð af þeirra hálfu. Mun óhætt að segja, að leiga Englendinga á þverám Hvítár til stangarveiði hafi orðið mjög heillarík fyrir viðhald fiskstofna á vatnasvæði Hvítár, sér í lagi þegar þess er gætt, að einmitt á sama tíma jókst netjaveiði í Hvítá í Borgarfirði, sem fyrr segir.

#### Ástand veiðimála 1920—1930.

Á áratugnum áður en lög nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, voru sett, var ástand veiðimála í ánum í stuttu máli eins og hér segir: Notuð voru eftirtalin veiðitæki: Færi, stöng, lagnet, króknet, ádráttarnet, kistur og girðingar. Síðastnefnt veiðitæki kom einmitt fram á þessum árum, eins og áður getur. Stangarveiði var stunduð í nokkrum ám eða árhlutum, svo sem í Elliðaánum, Laxá í Kjós, þverám Hvítár í Borgarfirði, Langá og Haffjarðará. Netjaveiði var algengasta veiðiaðferðin. Í minni ám voru notuð ádráttarnet, kistur og lagnet og í stóránnum lagnet og króknet og girðingar á ósasvæði Ölfusár. Lögum um friðun á laxi frá 1886 voru enn í gildi. Þau hæfðu ekki ástandi því, sem skapast hafði í veiðimálum, þar sem takmarkanir þeirra á veiði voru of litlar.

Veiðisókn í stöðuvötnum var minni á þessum árum en í ánum, enda hagar þar ólíkt til, bæði erfiðara um vik og eftir minni verðmætum að slægjast. Þó jókst veiði í stöðuvötnum þessi ár, og munu bættar samgöngur innanlands og þar með auknir möguleikar á sölu silungs til fólks í kaupstöðum og kaupúnum hafa ráðið miklu þar um. Í vötnum voru notuð eftirtalin veiðitæki: Færi, stangir, lóðir, lagnet og ádráttarnet. Bættu menn veiðitæki sín á þessu tímabili.

Fiskrækt hafði verið lítil gaumur gefinn hér á landi á þriðja áratug þessarar aldar. Klak var þá sú fiskræktaraðferð, sem mest áherzla var lögð á. Árið 1884 voru fyrstu klakstöðvarnar reistar hér á landi, en þær störfuðu aðeins einn vetur. Næsta átakið var gert af Mývetningum, sem byggðu klakstöð um aldamótin. Síðan virðast klakmál hafa legið í láginni um skeið, en árið 1920 tók Búnaðarfélag Íslands upp leiðbeiningar um klak og veiði, og sama ár hóf Þórður Flóventsson leiðbeiningarstarf í klakmálum með nokkrum styrk frá Alþingi. Á næstu árum jókst áhug-

inn mjög fyrir veiðimálum. Búnaðarfélagið fékk hingað austurrískan vatnalíffræðing til að rannsaka veiðivötn. Fiskifélag Íslands lét einnig þessi mál til sín taka, og árið 1927 tóku félögin upp samvinnu um veiðimál og skipuðu þriggja manna nefnd til að veita þeim forgöngu. Sama ár réð nefndin Pálma Hannesson, mag. scient, síðar rektor, til að hafa á hendi rannsóknir veiðivatna og leiðbeiningar um fiskrækt. Fyrir forgöngu þessara aðila kom fram á Alþingi frv. til laga um fiskræktarfélag 1928, sem samþykkt var á Alþingi árið eftir. Árið 1929 skipaði atvinnu- málaráðherra nefnd til að semja frv. um lax- og silungsveiði, og áttu þessir menn sæti í henni: Jörundur Brynjólfsson alþm., Ólafur Lárusson prófessor og Pálmi Hannesson rektor. Nefndin samdi frv. til laga um lax- og silungsveiði, sem lagt var fyrir Alþingi 1930 (þskj. 343). Frv. var samþykkt á Alþingi 1932 með mörgum breytingum og viðbótum, og tóku lög in gildi 1. janúar 1933.

#### **Áhrif laga nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, á veiðimálin.**

Fjöldi nýjunga var í hinum nýju lögum og margt stórmerkra ákvæða, svo sem um veiðirétt, bann við laxveiði í sjó, gerð og frágang veiðivéla, lengingu vikufriðunar, mannvirkjagerð í veiðivötnum, fiskræktarfélag, veiðifélag, stjórn veiðimála og eftirlit með veiði, styrkveitingar til fiskræktar og matsgerðir. Skal hér rætt nánar um þau ákvæði, sem mest áhrif hafa haft á þróun veiðimála síðan.

#### **Bann við laxveiði í sjó.**

Bann við veiði á laxi í sjó var eitt þýðingarmesta ákvæði laga nr. 61/1932. Það stöðvaði þá þróun, að laxveiðin færðist að mestu út í sjó, en menn höfðu, er lög in voru samþykkt, leitað að góðum veiðistöðum í sjó í nokkur ár. Á Norðurlöndum og Bretlandseyjum veiðist mestur hluti laxins í sjó, og hefði mátt búast við, að þróun þessara mála hér á landi hefði orðið eitthvað svipuð. Í Noregi veiðist t. d. 85% laxa í sjó. Ræktun á laxi á mjög erfitt uppdráttar í þeim Evrópulöndum, þar sem laxveiði í sjó er mikil, vegna þess, að sjávarveiðimenn vilja lítið eða ekkert leggja af mörkum til þeirra mála. Má gera ráð fyrir, að svo hefði og orðið hér á landi. Laxveiðin hefði því orðið þjóðinni arðminni heldur en ella, þar sem meiri hætta er á rányrkju, þegar málum er þannig farið.

#### **Stjórn veiðimála.**

Í lögum nr. 61/1932 var tekin upp hér á landi skipan sú á stjórn veiðimála, sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, það er yfirstjórn veiðimála fyrir allt landið og sérstjórnir fyrir einstök veiðisvæði.

Samkvæmt lögnum fer ráðherra með yfirstjórn veiðimála, en honum til aðstoðar er veiðimálastjóri og veiðimálanefnd. Veiðimálastjóri var fyrst skipaður 1946, en til þess tíma starfaði fiskræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands í samráði við veiðimálanefnd. Veiðimálastjórnin hefur unnið markvisst að umbótum á veiðimálum, m. a. með því að stuðla að stofnun fiskræktarféлага og veiðiféлага, safna veiðiskýrslum, leiðbeina um veiðimál og vinna að rannsóknum vatnafiska og veiðivatna eftir því, sem tími hefur leyft. Þar sem fiskræktarfélag og veiðifélag starfa, er þeim ætlað að hafa á hendi stjórn veiðimála einstakra veiðisvæða.

Í lögum um fiskræktarfélag frá 1929 var stjórn fiskræktarmála á einstökum veiðisvæðum fyrst komið í fast horf. Lög þessi voru felld inn í lög nr. 61/1932. Samkvæmt þeim er veiðieigendum heimilað að bindast samtökum til að vinna að fiskrækt á ákveðnum svæðum og hafa fasta stjórnarnefnd úr sínum hópi til að annast framkvæmdir. Félagssvæðin eru fiskihverfi, þ. e. veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, og eru þau eðlileg eining til að byggja á stjórn veiðisvæða.

Með lögum nr. 61/1932 komu veiðifélögin til sögunnar, sem höfðu það hlutverk að skipuleggja veiði á einstökum veiðisvæðum. Margir héldu og halda enn,

að félagsveiði hafi þá verið algert nýmæli í lögum, en svo er þó ekki, þar sem ákvæði um slíka veiði er að finna í lögum um friðun á laxi frá árinu 1886. En nú var stigið skrefinu lengra en áður og fastari skipan komið á málín. Starfssvæði veiðifélaga eru heil fiskihverfi eða hlutar þeirra, og eru ábúendur veiðijarða eða eigendur þeirra, ef sérstaklega stendur á, félagsmenn.

#### Fiskræktarfélög og veiðifélög.

Sjö fiskræktarfélög eru nú skrásett, og hafa þau unnið að fiskrækt með friðun á félagssvæðum sínum, klakrekstri og sleppingu seiða og með því að setja reglur um veiði.

Veiðifélög eða fiskræktar- og veiðifélög, sem eru 42 talsins, hafa flest skipulagt veiði á félagssvæðum sínum og unnið að fiskrækt, og hafa þau yfirleitt orðið til mikils gagns. Veiðin hefur komið í fastar skorður, veiðivötnin hlotið betri meðferð eftir en áður og arður af veiði yfirleitt orðið mikill nú hin síðari ár.

Við stofnun veiðifélaga hefur verið breytt um veiðiaðferðir. Netjaveiði hefur víðast hvar verið lögð niður og stangarveiði tekin upp í hennar stað. Jafnframt hefur stangarfjöldi og veiðitími verið takmarkaður í samningum og flestar ár leigðar til nokkurra ára í senn. Víðast hvar hefur því dregið úr veiðialagi á árnar og það orðið jafnara en áður, enda var eigi vanþörf á því. Sem dæmi um þetta má nefna Miðfjarðará. Í ánni var veitt með netjum fram til ársins 1938, en þá var stofnað Fiskræktar- og veiðifélag við hana. Síðan lét félagið veiða í net í tvö ár, en eftir það hefur áin verið leigð til stangarveiði. Samkvæmt veiðiskýrslum var meðalveiði í ánni frá 1909—1938 735 laxar, en 625 laxar á árunum 1942—1954. Veiðialag undanfarandi ára liggur vafalaust nær því, sem það má vera, án þess að áin sé rányrkt.

Mörg veiðifélög hafa haft góðar tekjur af leigu ána til stangarveiði, og hafa því félagsmenn fengið meiri arð af veiði heldur en mögulegt hefði verið að fá með öðrum hætti. Skulu nefnd hér nokkur dæmi um, hvaða tekjur veiðifélög hafa haft af veiðinni síðastliðið ár, og jafnframt sagt frá heildsöluverði á laxi í Reykjavík til samanburðar. Ef þunga veiðinnar er deilt inn í veiðileigu, kemur fram, hvað leigutakar hafa greitt fyrir hvert kíló af laxi óveiddum í ánum. Sýnir meðfylgjandi tafla útkomur fyrir nokkrar ár. Greiðsla fyrir hvert kíló af laxi, sem veiddist 1954, er yfirleitt há (dálkur I), en það orsakast að töluverðu leyti af því, að veiðin var þá með minna móti. En þar eð veiðimagn er breytilegt frá ári til árs, er eðlilegra að nota meðalveiði nokkurra ára við slíkan útreikning, og hefur það verið gert til samanburðar (dálkur II). Þess skal getið, að meðalveiði er höfð til hliðsjónar, þegar gerð eru leigutilboð í ár til stangarveiði.

Ár	Verð á kg af laxi	
	I 1954	II Meðalveiði 1949—1953
Laxá í Kjós, Bugða og Meðalfellsvatn .....	29.74	25.02
Laxá í Leirársveit .....	41.87	45.17
Grímsá í Borgarfirði .....	49.95	43.54
Norðurá í Borgarfirði .....	59.11	32.28
Haukadalsá í Dölum .....	19.15	24.15
Laxá í Dölum .....	40.27	23.76
Fáskrúð í Dölum .....	52.15	31.98
Miðfjarðará í Húnavatnssýslu .....	53.56	26.38
Víðidalsá í Húnavatnssýslu .....	24.73	20.91
Laxá í Þingeyjarsýslu .....	23.03	13.68

Heildsöluverð á laxi í Reykjavík var mest kr. 34.00, en lengst af kr. 27.00 sumarið 1954, og er það langhæsta verð, sem verið hefur á laxi. Árið áður var heildsöluverð kr. 22.00 til kr. 23.00 og árið 1952 kr. 18.00.

Þá hefur annað áunnizt með leigu veiðifélaganna á ánum, en það er jafnar tekjur af veiði frá ári til árs án tillits til, hvort fiskganga í árnar er mikil eða lítil. Er það mjög til þæginda fyrir þá, sem yfir veiðinni ráða, að vita fyrir fram um tekjur sínar af henni.

Veiðifélög hafa unnið að fiskrækt með sleppingu seiða, fiskvegagerð og friðun. Nokkur veiðifélög tóku við ám fisklitlum, og varð því fyrsta verk þeirra að friða árnar og sleppa í þær seiðum. Til dæmis tók Fiskræktar- og veiðifélag Blöndu við ánni í slíku ástandi. Annað dæmi um þetta er Laxá í Þingeyjarsýslu. Þegar Fiskræktar- og veiðifélag Laxár var stofnað, var veiðin lítil samanborið við það, sem áður hafði verið. Áin var leigð til stangarveiði og hlaut góða meðferð. Hefur veiðin í henni síðan farið vaxandi, eins og sjá má á eftirfarandi tölum:

Árin	Meðalveiði, laxar
1941—45 .....	551
1946—50 .....	782
1951—54 .....	1011

#### Styrkveitingar til fiskræktar.

Ákvæði laga nr. 61/1932 um styrkveitingar til fiskræktar hafa haft hvetjandi áhrif á fiskræktar- og veiðifélög að koma upp klakhúsum, byggja fiskvegi og rækta veiðilausar ár eða árhuta.

#### Takmarkanir á netjaveiði.

Í lögum nr. 61/1932 voru ákvæði um gerð og frágang veiðivéla og um aukna vikufríðun. Þau áttu að tryggja, að hinn tvíþætti tilgangur laganna næðist. Þetta brást þó, og voru ástæðurnar fyrst og fremst þær, að þróun veiðitækni varð mjög ör, en takmarkanir gegn auknum veiðiútbúnaði vantaði.

Fyrstu árin eftir gildistöku laga nr. 61/1932 hélt þróun netjaveiði áfram á sömu braut og fyrir tilkomu þeirra. Veiðin í árósum stóránna var komin í algleyming. Framfarir í veiðitækni voru margar. Menn lögðu netjum betur en áður, tóku að nota keðjur á leggjarteina netjanna, þannig að þau fóru betur í vatninu, og staurar og járnþráur voru notuð meira en áður á mjúkum botni á straumlitlum stöðum. Með notkun staura eða járnþrána opnuðust möguleikar til að koma fyrir veiðivélum á nýjum stöðum, þar sem menn voru ekki lengur bundnir við tanga út í árnar eða harðan bakka með aðdýpi til að koma fyrir veiðivélum, eins og áður var, meðan fyrirstöður voru gerðar úr grjótgörðum og kláfum. Við þetta fjölgaði lögnum og þær tóku að fjarlægjast árbakkana og ósabakkana, unz þeim var dreift út um ósasvæði, jafnvel fleiri hundruð metra frá landi, eins og dæmi eru um í ósi Hvítár í Borgarfirði. Fleira var það, sem jók netjaveiðiútbúnaðinn, t. d. að króknetjum var fjölgað við fyrirstöður. Fyrir þetta var þó tekið með dómi 1948. Þá bætti það aðstöðu til netjaveiði, þar sem bátum var við komið, að betri bátar og hreyflar voru teknir í notkun, þannig að einn maður komst yfir að vitja um fleiri lagfir en áður á sama tíma.

Það, sem nú var sagt, á að mestu við um Hvítá í Borgarfirði, en vatnasvæði Hvítár er nú veiðisælasta vatnakerfi landsins. Þróun í öðrum helztu veiðiám var með svipuðum hætti meðan netjaveiði var stunduð þar, en innan 10 ára frá gildistöku laga nr. 61/1932 höfðu veiðifélög verið stofnuð við þær flestar, þar á meðal við vatnasvæði Ölfusár-Hvítár, en það er annað veiðisælasta vatnasvæði landsins.

Í lögum nr. 61/1932 var ekkert ákvæði, sem heimilaði að draga úr eða stöðva miður æskilega aukningu í netjaútbúnaði, sem raska kynni því ástandi, sem lögnum var ætlað að skapa. Þó hafði verið ákvæði í frumvarpinu um, að lögnum skyldi ekki fjölgað, en það var fellt niður í meðförum þingsins. Eftir gildistöku laganna kom í ljós, að ekki hefði verið vanþörf á slíku ákvæði, þar sem að minnsta

kosti sumir veiðimenn fjölguðu lögnum sínum beinlínis til að vega upp á móti þeim auknu takmörkunum á netjaveiði, sem lögín ákváðu.

Jafnvel þótt nefnt ákvæði um bann við að fjölga lögnum hefði orðið að lögum, þá hefði það ekki nægt til að koma í veg fyrir aukna veiði í net, vegna þess að veiðivélarnar sjálfar bötnuðu, en við það jókst veiðihæfni þeirra.

Lögín nr. 61/1932 voru ekki vel séð af þeim, sem töldu þau höggva nærri sér. Voru þau óspart ófrægð og hafa því ekki mætt þeim skilningi, sem vert væri. Brot á þeim hafa vart verið talin til afbrota, og tómlæti það, sem lögregluyfirvöld hafa einatt sýnt við afgreiðslu mála út af brotum á lögnum, hefur ýtt undir skeytingarleysi almennings um þau.

#### **Veiðieftirlit.**

Eitt af hinum mörgu nýmælum laga nr. 61/1932 var eftirlit með veiði. Samkvæmt þeim var heimilt að skipa sérstaka veiðieftirlitsmenn. Árið 1934 var fyrst skipaður eftirlitsmaður með veiði í Borgarfirði, og hefur hann starfað þar síðan. Eftirlitsmaður með veiði í Árnessýslu var fyrst skipaður árið 1947. Auk þessara föstu eftirlitsmanna á tveimur aðallaxveiðisvæðum landsins hafa fastir eftirlitsmenn verið við nokkrar ár í nágrenni Reykjavíkur á kostnað eigenda eða leigutaka ána. Þá hafa einstök veiðifélög eða einstaklingar haft eftirlitsmenn stuttan tíma í senn. Að öðru leyti hefur eftirlit með veiði verið í höndum hreppstjóra, og hafa þeir að fáeinum undanteknum sinnt því lítið. Eins og sjá má af þessu, var veiðieftirlit harla lítið fyrstu árin eftir gildistöku laganna, nema þá helzt í Borgarfirði.

Eftir stofnun veiðifélaga og fiskræktar- og veiðifélaga við einstakar ár hefur auk þess á þeim stöðum komizt á óbeint eftirlit, þar sem stangarveiðimenn hafa lítið hver eftir öðrum og fylgzt með athöfum annarra við árnar. Á öðrum veiðisvæðum hefur eftirlitið verið í molum og er svo enn í sumum héraðum, þó að ástandið hafi yfirleitt heldur farið batnandi nú hin síðari ár, enda hefur mikil áherzla verið lögð á að bæta það.

Svo kann að virðast sem auðvelt sé að bæta eftirlitið með því að skipa eftirlitsmenn við öll veiðivötn samkvæmt heimild í lögum. En á því er sá ljóður, að í strjálbýli, þar sem veiðivötn eru dreifð, fá og rýr, mundi kostnaðurinn við það verða of mikill. Þess vegna verður eftirlit með veiði að verulegu leyti að vera í höndum hreppstjóra framvegis sem hingað til.

#### **Veiðiálagið á laxastofnana.**

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir, hvað veiðiálagið á laxastofnana er mikið og hvort þeir eru ofveiddir. Gögn eru fá um þetta varðandi einstakar ár, og það helzta, sem til er af þessu tagi, er frá Elliðaánum, enda hagar þar sérstaklega til. Vitað er nákvæmlega um tölu laxa, sem koma á efri hluta ána, og hve margir þeirra veiðast á stöng. Á 17 ára tímabili (1936—1952) hefur meðalveiðin verið 35.25% af stofninum, mest 57.8% og minnst 26.9%. Meðalveiði á þessu svæði Elliðaána verður að teljast hófleg, þar sem áætlað er, að veiða megi helming af laxastofni veiðivatns, án þess að ofveiði eigi sér stað.

Í flestum öðrum ám, þar sem stangarveiði er stunduð eingöngu, eru líkur fyrir því, að veiðin sé einnig hófleg, þó að gögn séu fá þar um. En fróðlegt er að athuga, hvernig veiðiálagi er háttáð á vatnasvæðum, þar sem bæði er veitt á stöng og í fastar veiðivélar. Vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði skal tekið til athugunar í þessu sambandi og veiðiskýrslur þaðan frá árunum 1947—1954 lagðar til grundvallar. Ef gert er ráð fyrir, að álag stangarveiði á laxastofnana í Borgarfjarðaránum sé það sama og í Efri-Elliðaánum, eða 35.25%, þá mundi meðalveiði í Borgarfjarðaránum hafa numið 61% af laxastofnunum á árunum 1947—1954, og 39% af þeim hefðu orðið eftir í ánum til að hrygna. Væri stangarveiðiálagið hins vegar

50% af stofnunum í ánum, þá næmi meðalveiðin 74.2% og 25.8% fengju tækifæri til að hrygna.

Hér var reiknað með meðalveiði sjö ára tímabils, en að sjálfsögðu er hlutfallið milli veiddra laxa og þeirra, sem eftir verða í ánum, mismunandi frá ári til árs, og fer það að verulegu leyti eftir því, hvernig tekst til með veiðina það og það árið. Ástæða er til að ætla, að ef mikið er veitt af litlum árgangi, hrygni ekki nægjanlega margir laxar til þess að sjá fyrir eðlilegu viðhaldi stofnanna. Afleiðingin af þessu verður sú, að afkomendurnir verða fáir og veiðin rýr á slíkum árgangi í einstökum ám á vatnasvæði Hvítár. Þetta gæti verið ástæðan fyrir hinni litilfjörlegu veiði, sem var í Grímsá 1950 og 1951 og í Þverá 1954. Virðist teflt á tæpasta vað með eðlilega viðkomu laxastofnanna á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði með núverandi veiðiálagi.

#### **Veiðin í stöðuvötnum.**

Veiðisókn í stöðuvötnum hefur aukizt mjög síðan lög nr. 61/1932 tóku gildi. Sömu veiðitæki og áður hafa verið notuð, en net eru dýpri og lengri, auk þess sem þeim hefur verið fjölgað verulega. Nú síðustu árin hafa net úr nylongarni rutt sér mjög til rúms, og eru þau mun veiðnari en eldri net úr öðrum efnum. Handhægir og ódýrir bátahreyflar hafa víðast hvar verið teknir í notkun. Þeir gera mönnum kleift að sækja lengra til veiða, hafa fleiri net og dreifa þeim meira um vötnin en áður.

Stangarveiði í vötnum hefur einnig aukizt mjög mikið á þessum tíma, þannig að víðast hvar hefur mikil stangarveiði bæzt ofan á vaxandi netjaveiðiálag. Þó eru nú nokkur vötn eingöngu leigð til stangarveiði.

#### **Breytingartillögur í frumvarpinu.**

Af því, sem að framan segir, ætti að vera ljóst, að þrengja þarf ýmis ákvæði gildandi laga um veiði og bæta við nýjum ákvæðum, til þess að lax- og silungsvæðilögjöfin megi ná tilgangi sínum, enda stefnir nefndin að því með tillögum sínum.

Nefndin leggur meðal annars til, að stangarveiði í veiðivötnum, þar sem lax og göngusilungur fer um, verði takmörkuð, þannig að veiðitími verði 3 mánuðir í hverju veiðivatni, eða jafnlangur og netjaveiðitíminn, og daglegur veiðitími verði 12 tímar. Stangarfjöldi í hverju veiðivatni ákveðist af veiðimálastjórninni og stangarveiði megi ekki viðhafa á þeim stöðum, þar sem önnur veiðitæki eru notuð. Öll þessi ákvæði eru nýmæli.

Netjaveiði verði takmörkuð meira en áður. Vikufriðun lengd um 24 stundir, úr 60 stundum upp í 84 stundir, lengd lagna verði mæld frá árbakka (ósbakka), lögnum verði ekki fjölgað frá því, sem nú er, og til að nota girðingar, kistur og ádráttar-net þurfi sérstök leyfi ráðherra. Þá hafi ráðherra heimild til að fækka lögnum í veiðivötnum, ef veiðni þeirra eykst verulega vegna umbóta á veiðiútbúnaði.

Helztu breytingar frv. við gildandi lög um fiskræktarfélag varða stofnun félaga, fundarboðun, atkvæðagreiðslur, frest til vefengingar á stofnun félaganna og greinilegri ákvæði um valdsvið þeirra til að setja veiðireglur. Einnig eru gerðar tilsvarendi breytingar varðandi veiðifélög, og auk þess eru sett skýrari ákvæði um arðskiptingu í veiðifélögum en áður var.

Nefndin ræddi um, hvort ástæða væri til að breyta um skipan á stjórn veiðimála á einstökum svæðum. Kom þar einkum til athugunar, hvort ákveða skyldi í lögum fjölda veiðisvæða á landinu og stjórn þeirra eins og gert er á Bretlandseyjum og í Noregi. Þetta fyrirkomulag hefur þann kost, að stjórn veiðimálanna á einstökum svæðum er ákveðin og verður ekki breytt nema með breytingu á lögnum. Nefndin komst þó að þeirri niðurstöðu, að núverandi skipan þessara mála henti best íslenskum aðstæðum.

## Fiskrækt.

Fiskræktin er veigamikill þáttur veiðimálanna, þar sem hún kemur samkvæmt orðaskýringum frv. inn á öll mál, er varða viðhald og aukningu lax- og silungsstofnanna, svo sem friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutning fisks í veiðivatn, auðveldun á göngu fisks, eyðingu veiðivargs og eftirlit með veiði.

Klak var um áratugi helzta fiskræktaraðgerðin, enda var það álitid til þess fallid að ráða bót á flestum vandræðum. Var því eðlilega tekið tillit til þess í lögum nr. 61 1932. Hið mikla gildi klaksins byggðist á eftirfarandi: Frjóvgun hrognna í náttúrunni var álitin vera óveruleg og því væri skortur á seiðum til að fullnýta æti í veiðivötnum. Á þessu ástandi yrði bezt ráðin bót með því að sleppa sem flestum seiðum í veiðivötnin. Í klakhúsinu frjóvguðust á hinn bóginn nær öll hrogn, og auk þess veitti klakhúsið hrognum og kviðpokaseiðum meiri vernd en náttúran.

Á síðustu tveimur áratugum, eða eftir að niðurstöður af ýtarlegum rannsóknum á gildi klaksins komu fram, hafa skoðanir manna á því breytt mjög. Rannsóknirnar leiddu í ljós, að frjóvgun hrognna í náttúrunni er álíka mikil og í klakhúsinu og þess vegna sé jafnaðarlega meira af fiskseiðum af öllum stærðum í veiðivötnum, þar sem nægjanlegur fjöldi fiska hrygnir, heldur en æti er fyrir. Enn fremur hefur verið sýnt fram á, að náttúran veiti hrognum og kviðpokaseiðum góða vernd.

Niðurstöður áðurgreindra rannsókna á gildi klaksins höfðu í för með sér, að erlendis var minni áherzla lögð á klak en áður, en meira lagt upp úr öðrum fiskræktaraðgerðum. Helztar þeirra eru þessar: 1) aðgerðir til að vernda fiskstofnana fyrir ofveiði, þ. e. setning veiðireglna og eftirlit, 2) útrýming veiðivargs, svo sem sela, minka og fugla, 3) aðgerðir til að fjölga fiski í veiðivötnum og 4) umbætur á lífsskilyrðum fiskanna. Um 3. og 4. lið þykir rétt að ræða nokkru nánar.

Svo getur staðið á, að æskilegt sé að flytja fisk í veiðivatn vegna þess, að viðkoma þar sé engin eða minni en svo, að æti nýtist til fulls. Slikt ástand getur orsakað af því, að hrygningarstöðvar eru engar í veiðivatni eða að þær hafa eyðilagzt. Einnig kunna fiskstofnar að hafa verið rýrðir með ránveiði eða vegna mannvirkjagerða í veiðivötnum. Og loks getur þurft að innleiða nýjar fisktegundir eða kynbæta fiskstofna í veiðivatni.

Þegar fiskur er fluttur í veiðivatn, er um tvennt að velja, annaðhvort að sleppa kviðpokaseiðum eða sleppiseiðum (aliseiðum) af mismunandi stærðum. Munurinn á, hvort notuð eru kviðpokaseiði eða sleppiseiði, liggur í því, að færri seiði þarf, þegar um sleppiseiði er að ræða, til þess að koma að sama gagni, og því færri. sem þau eru stærri. Þegar notuð eru stór seiði, ávinnst það, að árangur kemur fyrir fram.

Sleppiseiði má einnig nota til þess að fjölga sjógengnum fiski í veiðivatni umfram það, sem það getur sjálft framfleytt. Þegar sleppiseiði eru notuð þannig, eru seiði af stærð gönguseiða (10—15 cm að lengd) flutt í veiðivatn að vorinu, skömmu áður en seiðin ganga til sjávar. Sleppiseiðin nota sáralítið æti í veiðivatninu, þar sem þau ganga nær rակleitt út í sjó.

Á undanförunum árum hefur vaxandi áherzla verið lögð á það erlendis að bæta lífsskilyrði fiskanna í veiðivötnum, og eru hafnar aðgerðir, sem miða í þessa átt, hér á landi. Lífsskilyrði fiskanna má bæta með því að auka átu, fjölga fylgsnum, búa til hrygningarstöðvar og greiða fyrir fiskför um veiðivatn.

Átu má auka með áburði, og átu og fylgsni með því að gera garða, stíflur og hólma í ár, jafna vatnsrennsli og sökkva grjóti, trjám og hrisvöndum í stöðuvötn. Hrygningarstöðvar má búa til með því að flytja mól af hæfilegri stærð í veiðivötn, þar sem aðstæður til hrygningar eru að öðru leyti fyrir hendi. Gönguleiðir fiska er hægt að bæta með því að ryðja hindrunum úr vegi.

Í frv. eru nokkrar breytingar og nýmæli um fiskrækt, sem ekki hefur áður verið vikið að. Lagt er til, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við eftirlit með veiði og að heimilt sé, þegar sérstaklega stendur á, að skipa við veiðivötn eftirlitsmenn, sem



kostaðir eru af einstaklingum eða félögum. Ákvæði laga nr. 36/1937 um klaksjóð og lög nr. 27/1953 um breytingar á klaksjóðslögunum eru felld inn í frv. með nokkrum breytingum.

#### Fiskeldi.

Erlendis er fiskeldi mjög tíðkað. Víða eru fisktjarnir við sveitabæi, og er veitt úr tjörnnum til heimilisnota, og einnig hafa risið upp sérstakar eldisstöðvar, þar sem fiskur er alinn og seldur til matar. Er fiskeldi þannig orðið að búskapargrein.

Á síðastliðnum fjórum árum hefur verið komið upp þremur slíkum eldisstöðvum hér á landi, er framleiða alifisk, ýmist til sölu sem sleppifisk eða til matar. Tilgangurinn með tveimur þessara stöðva er fyrst og fremst að framleiða matfisk til sölu á erlendum markaði.

Margar tegundir vatnafiska eru hafðar í heimilistjörnum og eldisstöðvum erlendis. Fá þær æti ýmist beint úr tjörnnum eða eru fóðraðar. Í slíkum tjörnum eru til dæmis hafðar silungstegundir, og eru þær oftast fóðraðar. Danir hafa verið mjög framtakssamir um silungseldi og hafa t. d. flutt út á árinu 1952 2843 tonn af alisilungi til 14 landa fyrir verðmæti, er svara til rúmlega 37 milljóna íslenskra króna.

Telja má líklegt, að silungseldi geti orðið arðvænleg búskapargrein hér á landi, eftir þeirri reynslu, sem fengin er. Taldi nefndin því rétt að bæta í frv. nokkrum ákvæðum um fiskeldi, þar sem það er svo nátengt veiðimálum. Fjalla þau m. a. um undanþágu eldisstöðva frá ákvæðum frv. um veiðiaðferðir, veiðitæki og minnstu stærð fisks, sem veiða má, einnig um varúðarráðstafanir, sem eldisstöðvum ber að viðhafa við vatnstöku úr veiðivatni, og um styrki til klak- og eldisstöðva.

Í frv. er nýr kafli um sóttvarnir á fiski eða hrognum, sem flutt eru til landsins, og á grunuðum fiski eða hrognum í klak- og eldisstöðvum innanlands eða í náttúr- unni. Þykir nauðsynlegt að taka í lög ákvæði um slíkar sóttvarnir, þar sem vitað er, að erlendis geisa skaðvænlegir sjúkdómar í fiski, sem ekki er að finna hér á landi, svo að vitað sé. Geta slíkir sjúkdómar auðveldlega borizt til landsins og valdið hér stórtjóni, sé varúðar ekki gætt.

### III.


#### Um fastar veiðivélar og notkun þeirra.

Til leiðbeiningar hefur þótt rétt að láta stutta lýsingu á gerð og notkun fastra veiðivéla fylgja frumvarpinu, og er hún sem hér segir:


1. Lagnet eru óbrotnust og frumlegust allra veiðivéla. Þau eru gerð úr netriðli, sem á báðum hliðum er felldur við strengi úr snæri eða kaðli og teinar nefnast. Við annan teininn, sem nefnist fláateinn, er fest korkbútum, svo mörgum, að þeir geti haldið netinu upp í vatninu. Á hinn teininn, leggjateininn, eru dregnir leggjabútar, eða við hann er fest steinum, blýi eða járnfesti, svo að hann leiti botns, þá er netinu er lagt í vatn.

Lagnet eru nú einkum notuð til silungsveiði í sjó og stöðuvötnum. Er þeim þá lagt annaðhvort við stjóra og dufl úti í vatni eða frá bakka við landtaug. Oftast liggja þau bein eða lítið eitt buguð. Í straumvötnum eru lagnetin óvíða notuð, því að erfitt er að stöðva þau í straumi, og þykja þau ekki veiðin. Er þeim þar helzt lagt forstreymis frá landi, þar sem klappir eða eyraroddar standa út í vatnið, svo að iða verði neðan við eða andstreymi, sem haldi netjunum frá landi. Mun þetta vera það, sem Grágás kallar að leggja netjum strandlagi.

2. Króknet eru komin frá lagnetjunum fyrir þróun og umbætur margra ára. Þau eru veiðigildirur, sem til þess eru gerðar að veiða göngufisk í straumvötnum. Króknetin eru venjulegast þannig gerð, að út frá landi er lagt grindakláfum, grjóti fylltum, hverjum fram af öðrum, svo langt út sem unnt er eða leyfilegt. Við kláfa þessa er svo lagt neti, er stöðvar fiskför að fullu, svo langt sem það nær. Út frá hinum yzta kláf er öðru neti lagt undan straumi, langt eða skammt eftir ástæðum. Neðst



við þetta net, þeim megin, er veit að landi, er svo krókurinn festur, en hann er net eða netálma, sem lagt er upp móti straumi. Eru bæði netin samhliða að kalla í fyrstu, en síðan beygist krókurinn allmikið í áttina til lands. Milli netja þessara verður þannig kverk, er þrengist æ því meir sem lengra dregur forstreymis, unz bæði netin renna saman. Niður frá króknum er oft, einkum í hinum tæru bergvatnsám, lagt einu netinu enn. Nefnist það leiðari, og er jafnan eftir því leitað að svifa honum svo langt út sem lög leyfa, og helzt út fyrir höfuðstreng eða straumlínu árinna. Milli lands og




netja þeirra, sem nú hafa verið talin, verður þannig kví, er nefna mætti veðikví, og er hún aðeins opin undan straumi.

Fiskurinn gengur nú neðan ána og heldur sig jafnan nálægt straumlínu. Nokkuð af honum lendir í kvínni, innan við leiðarann. En er fiskurinn kemur að fyrirstöðunni, leitar hann út í ána, unz fyrir honum verður net það, er forstreymis liggur. Kennir hann nú fyrirstöðu á tvo vegu og heldur hikandi undan straumnum, lendir í króknum og ánetjast þar.

Króknetjum verður ekki við komið í stríðum straumi, og ekki verða þau að fullum notum þar, sem aðdjúpt er eða langt út að straumlínu, svo sem víða er í hinum stærri ám landsins. En í flestum ám eða öllum eru þó margir slíkir staðir, að þau verði að miklu gagni, enda eru þau algengust allra veiðivéla, sem hér eru notaðar. Þann ágalla hafa þau, að fiskurinn ánetjast í þeim og er því ekki sem álitlegust vara.

3. Kistur eru veiðigildir, áþekkar króknetjum í aðaldráttum. Kláfar með grjóti í eru settir út í ána, á sama hátt sem í króknetjunum, en á þá er ekki fest net til



fyrirstöðu, heldur trégrindur með þéttum rimlum, er snúa upp og niður í vatninu. Frá yzta kláfnum liggur önnur girðing undan straumi. Hún er einnig gerð úr grindum, og er þeim fest við kláfa, staura eða steina. Á þennan hátt verður veiðikví niður frá þvergirðingunni á sama hátt sem við króknetin. Ofan við þvergirðinguna er svo kistan sjálf sett. Hún er þríhyrndur rimláklafur um 2 metrar á hvern veg. Henni er svo fyrir komið, að hið hvassasta horn hennar veit móti straumi og klýfur hann, en stytta hliðin snýr undan straumi, og liggur hún fast við fyrirstöðugirðinguna. Á þess-

ari hlið er op, sem þannig er gert, að fiskurinn kemst inn um það, en ekki út aftur. Á kistunni er svo venjulega lok og í því hlemmur, er opna má til þess að ná fiskinum úr kistunni. Þess er vandlega gætt, að sem mestur straumur verði gegnum kistuna. Er hún því sett þar, sem rennsli er mest gegnum girðinguna, en það er venjulega fremst við hana eða framanvert.

Fiskur sá, er gengur í veiðikví við kistu, lendir á þvergarðinum og leitar útkomu. Sækir hann fast í strauminn og finnur þá fyrr eða síðar opið inn í kistuna. Kisturnar eru einkum nothæfar þar, sem straumur er mikill og dýpi við hæfi, og má það varla vera meira að jafnaði en 1 metri. Þær eru nú óvíða notaðar hér á landi. Má þó svo heita, að þær séu hið eina veiðitæki, sem komið verði við þar, sem ár eru straumharðar og falla á flúðum og stórgrýti. Þann kost hafa þær yfir króknetin, að fiskurinn króast í þeim, en ánetjast ekki. Er hann því ómeiddur og óþreyttur, þegar hann er úr þeim tekinn.

4. Girðingar eða veiðigirðingar eru allmjög frábrugðnar króknetjum og kistum. Þær eru á þann hátt gerðar, að girðingarstaurar eru reknir niður í árbotninn hver fram af öðrum og svo margir sem þurfa þykir. Á staura þessa er svo fest grindum eða neti úr vír eða vörpugarni, svo þéttriðnu, að fiskur geti ekki smogið það. Þannig er girt svo langt út frá landi sem unnt er eða leyfilegt. Frá girðingunni er svo lagður leiðari forstreymis, eftir því sem þurfa þykir. Er hann gerður á sama hátt sem aðalgirðingin. Að sjálfsögðu þarf ekki að hafa leiðara eða hafa má þá lausa eftir vild. Á girðingunni er haft hlið, þar sem bezt þykir henta, en upp frá því kró eða gildra, er fiskurinn safnast í. Gildra þessi eða kró getur verið með ýmsu móti. En aldrei má riðill í gildru né girðingu né rimlar vera þéttari en lög leyfa.

Þá er fiskurinn gengur upp eftir ánni, rekst hann á aðalgirðinguna. Leitar hann þá út frá landi, unz hann lendir í kví þeirri, er verður milli leiðara og aðalgirðingar. Lætur hann þá lokkast inn í kró. Á hann sér þá engrar undankomu von, því að hann leitar jafnan í strauminn eftir útgöngu, enda er svo um króna búið, að óhugsandi er, að nokkur fiskur geti ratað út úr henni.

Girðingar hafa verið notaðar hér á landi aðeins þrjá síðustu áratugi. Þær eru allgóð veiðitæki, en dýr. Ekki verða þær notaðar í miklum straumi eða grjótbotni. En á leirum og lygnum árbreiðum henta þær bezt allra veiðitækja. Þær hafa þann sama kost sem kisturnar, að þær skemma ekki fiskinn eða þreyta hann.

Þau veiðitæki, sem hér hafa talin verið, bæta upp hvert annars ágalla, þá er á þeim eru frá tæknilegu sjónarmiði. Þeir staðir eru fáir í vatni, að engu þeirra verði við komið.

#### IV.


##### Um kafla og greinar.

###### Um I. kafla.


###### Um 1. gr.

Nokkrar nýjar orðaskýringar hafa verið teknar upp í frv. Lúta skýringar þessar ýmist að nýmælum í frv. eða að nánari skilgreiningu orða um efni, sem tekin hafa verið upp í frv. úr eldri lögum. Þessi orð eru nú tekin upp: Alifiskur, á, bakki, fiskeldi, ósasvæði, vatn. Við framkvæmd gildandi laga hefur komið í ljós, að ýmsum mönnum veitist torvelt að átta sig á hugtökunum ós í sjó og leirur við sjó, einkum þó hinu síðarnefnda hugtaki. Í frv. er því ós í sjó einungis látinn tákna yztu mörk, þar sem straumlína ár endar í sjó um stórstraumsfjöru, en ósasvæði nefnt allt upp þaðan til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði. Hugtakið leira við sjó er fellt niður. Skýring á kvísl er leiðrétt. Að öðru leyti haldast orðaskýringar gildandi laga. Rétt þykir að sýna með uppdráttum friðunarsvæði við ósa.


ÓS Í Á




ÓS Í SJÓ



ÓS Í STÖÐUVATNI



ÓS ÚR STÖÐUVATNI



Um II. kafla.

Um 2. gr.

Efni óbreytt frá gildandi lögum, en orðalagi vikið nokkuð við. Tekin eru af öll tvímæli, að eigi megi drepa til neyzlu fisk, sem veiddur er til klaks.

Um 3. gr.

Lagt er til, að landeigendur geti leyst til sín veiðirétt, sem skilinn hefur verið frá landareignum. Alþingi hefur þrisvar framlengt frest til innlausnar. Í lögum frá

1932 er innlausnartíminn ákveðinn 5 ár, í lögum frá 1936 er hann ákveðinn 10 ár. Árið 1942 er hann framlengdur um 5 ár og 1950 til miðs árs 1951. Þykir því eðlilegt, að innlausnarréttur haldist án tímatakmarks. Að öðru leyti er 3. gr. óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Óbreytt frá 4. gr. 1. nr. 112/1941.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. gildandi laga hafa valdið ágreiningi, enda eigi ljóst orðuð. Er hér því reynt að orða ákvæði hennar skýrar. Ákvæði 2. mgr. greinarinnar um veiði í almenningum á öræfum utan afrétta eru felld niður, þar sem eigi er kunnugt um nein veiðivötn í slíkum almenningum. Eftir að 5. gr. frv. hafði verið samin, féll dómur í Hæstarétti um veiðirétt í Veiðivötnum á Landmannaafrétti. Niðurstaða dómsins er að meginefni í samræmi við þessa grein frv. Sá er þó munur, að samkvæmt dómnum hafa allir íbúar á því svæði, þaðan sem upprekstur er á Landmannaafrétt, rétt til veiði í nefndum vötnum, en samkvæmt frv. einungis ábúendur jarða á svæði þessu.

Um 6. gr.

Efni 6. gr. og 2. mgr. 32. gr. 1. nr. 112/1941 er hér fellt saman í eina grein, en orðalagi vikið við til skýringar.

Um 7. gr.

Samhljóða 7. gr. 1. nr. 112/1941, en tilvitnun til laga aukið við.

Um 8. gr.

Samhljóða 8. gr. 1. nr. 112/1941 að öðru leyti en því, að 4. mgr. er felld niður, enda þykir hennar eigi þörf.

Um 9. gr.

Samhljóða 9. gr. 1. nr. 112/1941 að öðru en því, að felld eru niður orðin „í afrétti“, þar sem ákvæði um sama efni er tekið upp í 5. gr.

Um III. kafla.

Um 10. gr.

Söm að efni sem 10. gr. 1. nr. 112/1941, en orðalagi vikið að nokkru við.

Um 11. gr.

Samhljóða 11. gr. 1. nr. 112/1941 að öðru en því, að 3. mgr. er niður felld. Þótti eigi ástæða til að halda ákvæðum þessarar mgr., þar sem þau hafa hvergi verið framkvæmd.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hvílir skylda til skýrslugerðar á veiðieigendum. Hér er þessu þannig breytt, að skýrsluskylda er lögð á herðar veiðimanna, en veiðieigendum eða veiðifélögum síðan gert að innheimta skýrslur og koma til veiðimálastjóra. Er breytingin gerð vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur. Að öðru er greinin samhljóða 12. gr. laga nr. 112/1941.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli og skylda alla þá, sem kaupa lax eða silung, til þess að gefa skýrslur um kaupin eigi síður en hina, sem veiða. Mjög er mikilsvert, að veiðiskýrslur séu áreiðanlegar, því að þá veita þær trausta vitneskju um veiði í vötnum, hvort vaxandi sé eða þverrandi. Þær eru undirstaða hvers konar mats

um veiði, setningu arðskrár veiðifélags og veigamikil sönnunargögn. Í veiðilöggjöf Dana og Norðmanna eru ákvæði um tvöfalda skýrslugerð, slíka sem nú var greind, og þykir hún nauðsynleg þar í löndum. Í frv. til laga um lax- og silungsveiði frá 1930 var ákvæði um þetta efni, en var fellt niður á Alþingi. Við framkvæmd veiðilaga hefur hins vegar þótt koma í ljós, að slíks væri mikil þörf.

#### Um IV. kafla.

##### Um 14. gr.

Málgreinar 1, 2, 3 og 5 fela í sér efni 13. gr. laga nr. 112/1941, 6. mgr. efni 2. gr. laga nr. 40/1942, en 4. mgr. er nýmæli. Laxveiði í sjó hefur verið leyfð á tilteknum stöðum. Hins vegar þykja ákvæði í gildandi lögum um slíka veiði óljós, svo sem um vikufriðun og veiðitæki. Í greinargerð frv. til laga um lax- og silungsveiði frá 1930 segir, að laxveiði í sjó skuli hlíta sömu reglum sem laxveiði í ám. Ákvæði um laxveiði í sjó var sett með lögum nr. 59/1941, en féll niður af vangá, þegar öll gildandi ákvæði um lax- og silungsveiði voru felld í einn bálk, lög nr. 112/1941. Þykir einsýnt, að lögfesta beri að nýju ákvæði um þetta efni.

##### Um 15. gr.

Í grein þessari eru tvö nýmæli. Gildandi lög kveða svo á, að eigi megi hafa ádrátt í sjó nær ósi laxár en 500 metra. Hér er í fyrsta lagi lagt til, að lagnetjaveiði og ádráttarveiði við árósa hlíti sömu reglum, og í öðru lagi, að friðunarsvæði úti fyrir árósum sé stækkað. Þykir reynsla hafa sýnt, að lax sé sums staðar veiddur í lagnet á slíkum stöðum í blóra við silung og friðunarsvæðið sé of lítið. Í greinarlok er tekið upp ákvæði 1. gr. laga nr. 94/1943.

##### Um 16. gr.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 112/1941 er allmikið breytt í 16. gr. frv., nema 1. mgr., sem er óbreytt. Í 2. mgr. 15. gr. laganna er bönnuð öll veiði í ósum í ár og ósum í stöðuvötn. Þessu banni hefur eigi verið framfylgt, efalaust af þeirri ástæðu, að veiðimálastjóri var eigi skipaður lengi eftir gildistöku laga um lax- og silungsveiði og eftirlit því lítið. Einmitt á þeim árum hófst að markí veiði um ármót bergvatns og jökulvatns í Borgarfirði og Árnessýslu. Hefur sú veiði haldizt síðan, og þykir viðurhlutamikið að taka hana af, þar sem hún er upp komin. Samt sem áður er augljóst, að veiði upp og niður frá ósum getur verið skaðvænleg. Þykir því rétt að hafa heimild til frekari friðunar þar en annars er mælt í frv. Eðlilegt er, að þeir, sem slík friðun er til hagsbóta, bæti hinum, sem í missa hennar vegna.

##### Um 17. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli að því leyti, að þau marka skýrt það, sem raunar felst í gildandi lögum, að fiskur skuli jafnan eiga frjálsa og óhindraða för eftir miðbiki straumvatns. Slík ákvæði getur að finna í norskum og sænskum lögum. Þessi gönguleið er hér nefnd gönguhelgi, og tekur hún yfir þriðjung af breidd ár, en helming af breidd ósasvæðis, þó þannig, að hún nær jafnan yfir aðalstraumlínu.

##### Um 18. gr.

Ákvæði hennar eru að mestu hin sömu sem 16. gr. laga nr. 112/1941. Er þessara breytinga einna að geta:

1. Stangarveiði er látin hlíta sömu reglum um veiðitíma sem netjaveiði, með því að eigi þótti ástæða til að gera þeirra mun.
2. Veiðitími lax er framlengdur um 5 daga til 20. september, en sú regla er látin haldast, að veiðitími sé hvergi lengri en 3 mánuðir.



3. Veiðitími göngusilungs er framlengdur um 5 daga, sbr. l. nr. 22/1949, eða til 20. september, enda hefur ráðherra samkvæmt heimild í lögum víða leyft svo langan veiðitíma eða lengri.
4. Eftir 1. apríl hefur verið leyfilegt að veiða göngusilung í lagnet og dráttarnet einungis. Nú er lagt til að leyfa einnig silungsveiði með stöng eftir 1. apríl.

Um 19. gr.

Ákvæði hennar koma í stað 17. gr. laga nr. 112/1941. Svo sem segir í hinum almenna hluta þessarar greinargerðar, þykja ákvæði gildandi laga eigi tryggja nægilega viðhald fiskstofns í ám og vötnum. Ber því brýna nauðsyn til að setja ræki-legri ákvæði um þetta. Veigamest ráðstöfun í þessu efni er lenging þess tíma, sem fiskur nýtur friðhelgi á göngu til hrygningarstöðva. Vænlegast til árangurs þykir að halda óbreyttum árlegum veiðitíma, en lengja hins vegar þann tíma, sem fiskur er friðaður í viku hverri, vikufriðun. Er lagt til, að vikufriðun fyrir hvers konar netjaveiði sé lengd um 24 klukkustundir, úr 60 stundum í 84, en fyrir ádráttarveiði úr 4 sólarhringum í 5. Samkvæmt gildandi lögum er stangarveiði eigi látin sæta vikufriðun, og þykir rétt, að sá háttur haldist. Hins vegar er í frv. tekið upp það nýmæli, að eigi megi veiða með stöng nema helming hvers sólarhrings, og yrði því fiskur einnig friðaður fyrir stangarveiði 84 klukkustundir í viku hverri til jafns við netjaveiði, ef það ákvæði verður í lög tekið. Ákvæði um 84 stunda vikufriðun er ekki nýtt í frv. Það kom fram í frv. um friðun á laxi, sem þáverandi l. þm. Reykvikinga, Jörundur Brynjólfsson, og þm. Norður-Þingeyinga, Benedikt Sveinsson, fluttu á Alþingi 1917. Frv. var vísað til stjórnarinnar og kom ekki aftur frá henni. Annar flutningsmaður frv., Jörundur Brynjólfsson, átti sæti í þeirri nefnd, sem samdi frv. til gildandi laga um lax- og silungsveiði, það er lagt var fyrir Alþingi 1930. Vildi hann, að lögfest yrði 84 stunda vikufriðun, eins og getur í greinargerð þess frv., sbr. þskj. 343, 1930, bls. 860—861.

Um 20. gr.

Hún kemur í stað 18. gr. laga nr. 112/1941, sem að efni er að mestu látin haldast, en auk þess er tekið upp ákvæði um, að samtök veiðieigenda eða veiðinotenda greiði bætur þeim, sem í missa öðrum fremur við friðun.

Um 21. gr.

Samhljóða 19. gr. laga nr. 112/1941.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru að efni hin sömu sem ákvæði 20. gr. laga nr. 112/1941, en 3. mgr. 22. gr. frv. er ný. Veitir hún ráðherra rétt til að skipa eftirlitsmann með veiði í klak, en slík veiði hefur eigi sætt eftirliti hér. Veiði stofnfisks fer fram eftir árlegan veiðitíma með veiðnum tækjum, og hafa veiðieigendur oft kvartað undan því, að meiru væri lógað af fiski en nauðsyn bæri til, enda er það sannast, að eigi þarf né á að lóga stofnfiski, þótt kreistur sé til hrogna eða svila. Eigi er ætlað til þess, að stofnfiskur sé nokkurn tíma notaður til matar. Rétt þykir, að sá, sem veiðiskírteini fær, beri kostnað af eftirliti.

Allvíða hefur klak þótt bregðast vonum manna, og veldur vafalaust mestu um, að seiði misfarast unnvörpum, þegar þeim er sleppt í vatn, enda mikið vandaverk að gera það, svo að vel sé. Þess vegna virðist einsýnt, að setja beri reglur um þetta efni, eftir því sem þekkingu fræðimanna á því þokar fram.

Um 23. gr.

Í grein þessa eru tekin ákvæði 21. gr. laga nr. 112/1941, en orðalagi hnikað til.

Um V. kafla.

Ákvæði frv. um friðun vatnasilungs eru í veigamiklum atriðum frábrugðin ákvæðum gildandi laga, og veldur þar mestu um, að klak vatnasilungs hefur hvergi nærri gefið þá raun, er vonir stóðu til, svo sem áður segir í hinum almenna kafla þessarar greinargerðar. Er því hér frekar stefnt að friðun stofnfisks, því að menn eru á það sáttir, að friðun sé haldbetri miklu en klak til viðhalds fiskstofni.

Um 24. gr.

Hún kemur í stað 22. gr. laga nr. 112/1941. Kveður hún á um annars konar friðunartíma, þar sem reynsla hefur sýnt, að fiskur hrygnir á mismunandi tíma í hinum ýmsu vötnum. Sýnist því rétt að fela veiðimálastjóra að ákvarða, hvenær árlegur friðunartími skuli standa í vatni hverju og hversu langur hann sé innan þeirra tímamarka, sem lög setja. Er til þess ætlazt, að stofnfiskur sé friðaður, meðan hann hrygnir. Þrátt fyrir þetta virðist þó rétt að leyfa á friðunartíma nokkra veiði til heimilisnota, þar sem torvelt er að afla nýmetis.

Um 25. gr.

Hún er að efni hin sama sem 23. gr. laga nr. 112/1941 að öðru en því, að 3. mgr. lagagreinarinnar er niður felld, en þar ræðir um rétt ráðherra til þess að leyfa silungsveiði á friðunartíma. Virðist ákvæði 2. mgr. 24. gr. frv. nægja í þessu efni.

Um 26. gr.

Hún er samhljóða 24. gr. laga nr. 112/1941.

Um VI. kafla.

Efni þessa kafla er steypt upp úr VI. kafla laga nr. 112/1941, m. a. þannig, að sams konar atriði um hin ýmsu veiðitæki eru færð saman, enda sýnist það betur fara. Nýmæli eru auk þess mörg í kafla þessum, og verður þeirra getið á sínum stöðum.

Um 27. gr.

Hún kemur í stað 25. gr. laga nr. 112/1941. Lagt er nú til, að eigi megi nota önnur veiðarfæri en færi, stöng, lagnet og króknet, nema leyfi ráðherra komi til. Eins og nú er komið, er eigi veitt með kistum nema á einum stað, en með girðingum og ádráttarnetjum einungis á tilteknum stöðum, einkum þar sem vötn eru eigi leigð til stangarveiði. Hins vegar er gert ráð fyrir, að kistur, girðingar og ádráttarnet verði leyfð, þar sem þessi veiðitæki virðast eiga sérstaklega við, enda séu þá settar reglur um gerð þeirra og notkun framar en lög mæla beinlínis.

Á síðustu árum hafa net batnað til stórra muna, og má ætla, að veiðitækni fleygi enn fram. Verður því að gera ráð fyrir, að þar kunni að koma, að friðunarreglur frv., ef að lögum verða, veiti fiskstofni eigi nægilega vernd. En með því að breyting á lagabálki slíkum sem þessum hlýtur alltaf að vera vandkvæðum bundin og taka tíma, virðist rétt að veita ráðherra heimild til að fækka veiðivélum, þá er nauðsyn ber til. Að þessu líta ákvæði 5. mgr. Af sömu rót eru runnar reglur 4. mgr., þar sem bannað er að taka upp nýjar lagnir nema með samþykki veiðimálastjóra.

Um 28. gr.

Efni hið sama sem 26. gr. laga nr. 112/1941.

Um 29. gr.

Grein þessi kemur í stað 28. gr. laga nr. 112/1941 og segir fyrir um lagnet og króknet, hversu gerð skuli og hvernig leggja skuli. Styðst hún við þá reynslu, sem

unnizt hefur um þessi efni, þ. e. að setja verður rækilegar reglur um, hvernig þessum veiðivélum skuli háttað.

Um 30. gr.

Grein þessi geymir ákvæði um veiði með stöng og kemur að því leyti í stað 32. gr. laga nr. 112/1941, en 2. og 3. mgr. hennar eru nýmæli. Veiði með færi virðist eiga að hlíta sömu reglum sem stangarveiði. Rétt sýnist að banna stangarveiði, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti. Þykir of mikið lagt á veiðivatn, ef veitt er samtímis með öllum þessum tækjum. Samkvæmt reynslu virðist nauðsynlegt að ákveða stangafjölda í einstökum veiðivötnum, enda þótt ýmis veiðifélög hafi þegar sett sér reglur um þetta efni.

Um 31. gr.

Að efni eins og 1. og 4. mgr. 30. gr. laga nr. 112/1941.

Um 32. gr.

Að mestu samhljóða 27. gr. laga nr. 112/1941.

Um 33. gr.

Samhljóða 2., 3. og 4. mgr. 29. gr. laga nr. 112/1941.

Um 34. gr.

Grein þessi mælir fyrir um meðferð fastra veiðivéla. Í 1., 2. og 5. mgr. eru sams konar ákvæði sem í 27., 28. og 30. gr. gildandi laga. Í 3. mgr. er nýmæli, en það þykir eigi þurfa skýringar við. Sama máli gegnir raunar um 4. mgr., en þó skal þessa getið: Í greinargerð frv. til laga um lax- og silungsveiði frá árinu 1930 er föstum veiðivélum lýst og sýndir uppdrættir að þeim. Er augljóst, að þar er gert ráð fyrir aðeins einni gildru við króknet eða kistu, en fleiri við girðingar. Nokkur ágreiningur hefur þó orðið um þetta, og þykir því rétt að mæla skýrt fyrir um það, eins og hér er gert. Síðasta málsgrein þessarar greinar er og nýmæli, er raunar má telja nauðsynlegt, því að reynsla hefur sýnt, að sumir veiðimenn taka eigi veiðivélar upp, þegar er veiðitíma lýkur, og er þá stórum erfiðara um eftirlit en ella væri.

Um 35. gr.

Greinin kemur í stað 31. gr. og 4. mgr. 33. gr. laga nr. 112/1941, en efni aukið við. Í 1. mgr. er tekið ákvæði úr 2. mgr. 33. gr. laganna, en þar hefur hún verið ranglega sett. Um 3. mgr. þessarar greinar frv. skal tekið fram: Þegar frv. til laga um lax- og silungsveiði frá 1930 var samið, mátti það heita föst regla, að garðar í veiðivélum væru lagðir beint út í ár frá bökkum. Ákvæði þess frv. miðaðist því við þetta, eins og sést á 31. gr., en þar segir svo: „Lengd fastra veiðivéla frá bakka og út í á skal miðuð við“ o. s. frv., og síðar í sömu gr. segir: „Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á.“ Síðar var tekið að leggja girðingar eða girðingaspotta með gildrum langt úti í ám og ósasvæðum, og litu veiðimenn svo á, að ekki bæri að telja til veiðivélarinnar annað svæði en það, sem girt var. Veiðimálastjórnin hélt hinu fram, er hún taldi felast í anda og ákvæðum laganna. Varð af þessu dómsmál, og gekk dómur Hæstaréttar á móti skoðun veiðimálastjórnarinnar. Nú hefur einn þeirra manna, er undirbjúggu lögin um lax- og silungsveiði, vottað það, að það hafi að minnsta kosti verið ætlun sín, „að lengd lagnar í veiðivatni skyldi jafnan mælast frá bakka og út að enda lagnar að leiðara meðtöldum, hvort sem fyrirstaða væri á allri þeirri leið eða ekki“. Þykir verða að fallast á þessa skoðun, enda kemur ákvæðið um fjarlægð milli veiðivéla

að litlu haldi, nema svo sé gert, að minnsta kosti á ósasvæðum. Í þessari mgr. frv. eru því fyrirhaldi, sem væntanlega taka af öll tvímæli um þetta efni.

Um 36. gr.

Í greininni er sama efni sem í 33. gr. laga nr. 112/1941, en orðalag með nokkuð öðru móti.

Um 37. gr.

Í greininni er efni 34. gr. laga nr. 112/1941. Orðalagi örlítið breytt.

Um 38. gr.

Þessi grein kemur í stað 35. gr. laganna, en er aukin að efni. Í 2. mgr. er ákvæði, sem bannar ádrátt í almenningum stöðuvatna. Sýnist rétt að banna slíka veiði, enda augljóst, að hún gæti orðið hættuleg fiskstofni vatns, ef að væri gengið með atorku. Þó þykir rétt að leyfa undanþágu frá ákvæði þessu, þar sem svo hagar til, að veiði í almenningi sé ekki metin skaðvænleg. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. laganna eru aukin nokkuð, og þykir það rétt, því að veiðiaðstaða er næsta ólík í hinum ýmsu vötnum, svo að eigi á sama regla við um þau öll. Virðist hitt eðlilegra, að ráðherra geti mælt fyrir um veiðina, eftir því sem við á. Fram til síðustu tíma hefur vatnafiskur nær eingöngu verið veiddur til húsparfa. Nú færast hitt æ meira í vöxt, að slíkur fiskur sé veiddur til sölu, og er þá hættu á ofveiði stórum mun meiri en áður var. Þykir því verða að binda þessa veiði fastari ákvæðum en felast í gildandi lögum, og er til þess ætlað, að veiðimálastjóri geri tillögur til ráðherra um slík ákvæði, þá er hann hefur kynnt sér aðstæður við hin ýmsu veiðivötn.

Um VII. kafla.

Þessi kafli mælir fyrir um sama efni sem VII. kafli gildandi laga, og eru ákvæði lítið breytt frá því, sem þar segir. Síðasta greinin er þó nýmæli.

Um 39. gr.

Þessi grein felur í sér efni 36. gr. gildandi laga, en orðalagi vikið við, þar sem þurfa þótti að kveða skýrar á en áður var um nokkur atriði.

Um 40. gr.

Sama efni sem í 37. gr. laganna. Rétt þykir að sýna með uppdrætti friðunarsvæði við báða enda fiskvegjar.

Um 41. gr.

Greinin kemur í stað 38. gr. laganna og er eins og hún að efni, nema hvað skotið er inn í 2. mgr. staflað b, er einsýnt þótti að taka í frv.


Um 42. gr.

Samhljóða að mestu 39. gr. laganna.

Um 43. gr.

Grein þessi er nýmæli og styðst við það, sem hér segir: Vatnsvirkjanir hafa færzt mjög í vöxt á síðari árum, og samfara þeim eru oft gerðar breytingar á vatnsmagni í straumvötnum og stöðuvötnum, svo stórfelldar, að þær hafa í för með sér hinn mesta háska fyrir fiskstofninn, einkum þá er uppistöðulónum er hleypt fram vegna viðgerða eða hreinsana. Talið er, að haga megi slíkum framkvæmdum þannig, að þær valdi eigi tjóni, og felur greinin í sér ákvæði, er stuðla eiga að því.

## FISKSTIGI



### Um VIII. kafla.

Árið 1929 setti Alþingi lög um fiskræktarfélag. Lög þessi voru svo felld inn í frv. til laga um lax- og silungsveiði óbreytt að kalla. Er þessi kafli tekinn upp í frv. þetta nokkuð breyttur, og lúta breytingarnar að því að gera fyrirmæli um stofnun og starfsemi fiskræktarfélags óbrotnari en áður. Felld er niður 46. gr. laganna, af því að hún þótti óþörf.

### Um 44. gr.

Þessi grein kemur í stað 40. gr. gildandi laga, og má kalla, að hún sé tekin upp óbreytt. Síðan er aukið við skýringu á fiskrækt, lagfærðri nokkuð frá því, sem segir í orðaskýringum 1. gr. laga nr. 112/1941. Þótti henta betur að láta skilgreininguna koma í þennan kafla.

### Um 45. gr.

Hún kemur í stað 41. gr. laga nr. 112/1941 og er eins og hún að efni að öðru en því, er nú skal greina: Í 1. mgr. er tekið upp ákvæði um, að boða skuli þinglýsta eigendur til stofnfundar í fiskræktarfélagi. Þótti rétt að kveða skýrt á um, hverja boða skuli til fundar. Í annan stað þótti rétt að lengja frest til fundarboðunar og kveða á um birtingu fundarboðunar í útvarpi.

Um 46. gr.

Hún kemur í stað 42. gr. laga nr. 112/1941. Ákvæði 1. og 4. mgr. eru óbreytt frá sömu mgr. 42. gr. laganna. Í 2. mgr. frv. eru nýmæli um atkvæðisrétt á fundum, þannig að eitt atkvæði komi á hvert lögþýli, enda þótt eigendur séu fleiri en einn, og virtist rétt að miða við lögþýli samkvæmt fasteignamati 1942 eða eldra mati. Hins vegar sýnist rétt að halda því ákvæði laganna, að enginn einn aðili hafi meir en eitt atkvæði.

Ástæður nýmælisins eru þessar: Frá því gildandi lög voru sett, hefur mörgum jörðum verið skipt, aðrar farið í eyði og enn aðrar verið sameinaðar. Hefur þannig raskast sá grundvöllur, sem ákvæði laganna voru reist á, og stofnun fiskræktarfélaganna hefur orðið torveldari en áður af þeim sökum. Sýnist haldkvæmast að ráða þessum málum til lykta með þeim hætti, sem gert er í frv. Í frv. er mönnum gert miklum mun auðveldara en áður að stofna fiskræktarfélag á fyrsta fundi. Styðst sú breyting við reynslu þá, sem fengist hefur við framkvæmd laganna, en í þessu sambandi er þess rétt að geta, að samkvæmt 2. mgr. 45. gr. frv. skulu fundir boðaðir með lengri fyrirvara og rækilegar en áður var. Ætti mönnum því að vera í lófa lagið að sækja stofnfund, ef þeim þykir stofnun félags nokkru máli skipta.

Um 47. gr.

Hún kemur í stað 43. gr. laga nr. 112/1941. Eru ákvæði 1. mgr. óbreytt, en í 2. mgr. er slakað nokkuð á kröfum um atkvæðamagn til félagsstofnunar, og er það í samræmi við það, er áður sagði um vandhæfi á félagsstofnun. Fiskræktarfélög sýnast eðlileg og nauðsynleg, enda hefur það eigi verið vefengt. Er því eigi ástæða til að krefjast aukins meiri hluta atkvæða til stofnunar þeirra.

Um 48. gr.

Samhljóða að kalla 45. gr. laga nr. 112/1941.

Um 49. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru óbreytt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 112/1941, en í 2. mgr. er nokkuð fækkað þeim atriðum, sem skylt er að taka upp í samþykkt félags. Styðst það við reynslu.

Um 50. gr.

Samhljóða 49. gr. laga nr. 112/1941.

Um 51. gr.

Greinin er nýmæli, og styðst hún við reynslu. Rétt er með þessum hætti að hvetja menn til þess að bera fram sem fyrst mótmæli gegn félagsstofnun, ef þeir telja hana brjóta í bág við lög.

Um 52. gr.

Hún er ný og kveður á um atriði, er áður var ætlazt til, að ákveðin væru í samþykktum félaga. Sýnist réttara að setja um þetta lagafyrirmæli, svo sem hér er gert. Í 2. mgr. eru rækileg fyrirmæli um fundarboðun. Virðist hún eigi þurfa skýringa né heldur 3. mgr. Í 4. mgr. eru settar reglur um, hversu mál verði útkljáð á fundum. Þykir hér vera um svo veigamikil atriði að tefla, að rétt sé að mæla fyrir um þau í lögum.

Um 53. gr.

Hún er að efni hin sama sem 49. gr. laga nr. 112/1941.

Um 54. gr.

Söm að efni sem 50. gr. laga nr. 112/1941, en orðalagi nokkuð vikið við.

Um 55. gr.

Söm að efni sem 51. gr. laga nr. 112/1941 að öðru leyti en því, að í frvgr. er eigi krafizt aukins meiri hluta félagsmanna við atkvæðagreiðslu. Er þetta gert til samræmis við ákvæði 47. gr. frv.

Um 56. gr.

Samhljóða 52. gr. laga nr. 112/1941 að öðru en því, að lögveð stendur eigi nema eitt ár. Sýnist eigi ástæða til, að það standi lengur.

Um 57. gr.

Greinin er sama efnis sem 2. mgr. 53. gr. laga nr. 112/1941, en 1. mgr. 53. gr. laganna er brott felld. Sýnist eigi eðlilegt, að veiðimálastjóri og veiðimálanefnd úrskurði þau atriði, sem í nefndri mgr. segir, heldur beri þau undir matsnefndir eða dómstóla. Ákvæði 1. mgr. taka yfir veiði og hafa því ranglega verið sett í kafla um fiskræktarfélag.

Um 58. gr.

Hún kemur í stað 54. gr. laga nr. 112/1941, og er efni að mestu hið sama. Þó getur friðun nú einnig tekið til stangarveiði. Slakað er á kröfu um aukinn meiri hluta félagsmanna við atkvæðagreiðslur.

Um 59. gr.

Hún kemur í stað 55. gr. laga nr. 112/1941. Veiðitækni fleygir stöðugt fram, og má svo fara, að ákvæði laga um verndun fiskstofns reynist eigi nægilega haldgóð. Sýnist því rétt að veita fiskræktarfélagum þann rétt, er felst í greininni.

Um 60. gr.

Söm að efni sem 56. gr. laga nr. 112/1941.

Um 61. gr.

Hún er nýmæli og segir fyrir um félagsslit. Virðist rétt að hafa um þau bein ákvæði í lögum, en samkvæmt lögum þeim, er gilt hafa, skal kveðið á um þau í félagssamþykkt.

Um IX. kafla.

Í frv. til laga um lax- og silungsveiði, því er lagt var fyrir Alþingi 1930, voru engin ákvæði um veiðifélög, en er frv. var til meðferðar á þinginu, komu fram ein-dregnar óskir um, að sett væru ákvæði um félagsveiði, og var því nefnd þeirri, sem undirbjó frv., falið að semja kafla um veiðifélög. Var hann síðan felldur inn í frv. og það samþykkt þannig. Í þessu frv. er kaflinn um veiðifélög látinn haldast lítt breyttur. En einn þeirra manna, sem hafa undirbúið þetta frv., telur hann ganga helzt til nærri ákvörðunarrétti eiganda yfir eign sinni.

Um 62. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru sömu að efni sem 57. gr. laga nr. 112/1941, en 2. mgr. er nýmæli. Reynsla sýnir, að flest veiðifélög vilja stunda fiskrækt ásamt veiði. Virðist því rétt að gera þeim með lögum að stunda fiskrækt. En vitaskuld fer um atkvæðagreiðslur um fiskrækt eftir ákvæðum IX. kafla.

Um 63. gr.

Söm að efni sem 58. gr. laga nr. 112/1941 að öðru en því, að 2. mgr. hefur verið bætt inn. Reynsla hefur sýnt, að lax er veiddur í blóra við silung, þar sem veiðifélag tekur til laxveiði einvörðungu. Er ákvæðið sett til að stemma stigu við þessu.

Um 64. gr.

Kemur í stað 59. gr., en b-liður 2. mgr. og 5. mgr. eru niður felld, þar sem þeirra þótti eigi þörf.

Um 65. gr.

Er söm að efni sem 60. gr. laganna, nema miklu rækilegri ákvæði eru nú sett um fundarboðun, sbr. 45. gr. frv.

Um 66. gr.

Hún kemur í stað 61. gr. laganna. Breytingar hafa verið gerðar á fyrirmælum um atkvæðisrétt á fundum veiðifélaga á sama hátt sem á fundum fiskræktarfélag, sbr. skýringar á 46. gr. frv.

Um 67. gr.

Hún er að efni hin sama sem 62. gr. laganna. Eigi er ætlað til, að arðskrá félags sé samin, áður en félag er stofnað. Þykir setning arðskrár eigi bera undir stofnfund. Í annan stað er ákveðið, að tilkynna skuli í útvarpi framlagningu skjala. Loks er framlagningartími þeirra lengdur úr tveimur vikum í þrjár.

Um 68. gr.

Sama að efni sem 63. gr. laga nr. 112/1941.

Um 69. gr.

Hún kemur í stað 64. gr. laga nr. 112/1941. Úr 1. mgr. eru felld niður orðin „nema öðruvísi sé um mælt í samþykkt“. Í 76. og 81. gr. frv. eru ákvæði um atriði, sem nú er ráðið til lykta í samþykktum. Þarf því eigi að geta þeirra í samþykkt, sbr. skýringar við 52. gr. frv. Í 3. mgr. er nýmæli. Reynsla virðist benda til, að heppilegt sé, að veiðifélög geti starfað í deildum, ef misjafnlega hagar til á félagssvæði.

Um 70. gr.

Hún kemur í stað 65. gr. laganna og mælir fyrir um arðskrár veiðifélaga. Rétt þykir að breyta þeim meginreglum, sem fara á eftir, þegar arði af félagsveiði er jafnað niður, því að aðstæður hafa breytzt frá því, er lög um lax- og silungsveiði voru sett. Þá var lítil veiði í höfuðám ofanverðum og þverám, því að stangarveiði var þá fremur fátíð og langmest um netjaveiði neðanvert í höfuðám eða við ósa þeirra. Þótti því verða að jafna arðinum niður eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarða. Síðan lögin voru sett, hefur stangarveiði færzt mjög í vöxt, og hefur reynsla sýnt, að hún er jafnan mest ofarlega í fiskihverfi hverju. Augljóst er, að hrygningarsvæði og uppeldisskilyrði ráði úrslitum um afkomu fiskstofns. Hitt er jafnvíst, að ekki nýtast þessi skilyrði, nema fiskurinn fái gengið leið sína frá sjó til hrygningar- og uppeldissvæða, sem jafnan eru ofanvert í ám. Virðist því rétt að taka tillit til allra þeirra atriða, er í greininni getur, enda hefur sú raun orðið á, að víða hefur það verið gert, þá er arðskrá hefur verið sett með mati.

Það nýmæli er í 2. mgr., að greiða má atkvæði um arðskrá skriflega. Er það gert í því skyni að sannreyna sem bezt vilja félagsmanna um setningu arðskrár. Aðrar breytingar þykja ekki þurfa skýringar.

Um 71. gr.

Hún má heita samhljóða 66. gr. laganna.

Um 72. gr.

Hún er samhljóða að mestu 67. gr. laganna. Orðalagi vikið við.

Um 73. gr.

Í henni er sama efni sem í 51. gr. frv., og vísast til skýringa um þá grein. Sýnist rétt, að sams konar ákvæði sem í 51. gr. taki einnig til veiðifélaga. Þó þykir verða að hafa vefengingarfrest til ráðherra lengri, þar sem um veiðifélög er að tefla.



Um 74. gr.

Er að efni hin sama sem 2. mgr. 54. gr. frv. Þykir rétt, að þessi ákvæði taki jafnt til veiðifélaga og fiskræktarfélaga.

Um 75. gr.

Efni þessarar greinar er hið sama sem í 57. gr. frv. Þykir eigi síður ástæða, að veiðifélög gefi skýrslur um starfsemi sína en fiskræktarfélög.

Um 76. gr.

Hún er að meginefni samhljóða 52. gr. frv., og vísast til skýringa við þá grein. Krafizt er þó, að  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykki breytingu á samþykkt og arðskrá veiðifélags, enda þótt einfaldur meiri hluti sýnist nægja, þá er breyta skal samþykkt fiskræktarfélags eða gjaldskrá.

Um 77. gr.

Hún er að efni hin sama sem 68. gr. laga nr. 112/1941, en orðalagi vikið við.

Um 78. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru samhljóða 1. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941 að öðru en því, að aukið hefur verið við orðunum „og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir“. Viðbótin þarf eigi skýringa við.

Um 79. gr.

Hún er að meginefni hin sama og 70. gr. laga nr. 112/1941.

Um 80. gr.

Hún er sama efnis sem 1. mgr. 71. gr. laga nr. 112/1941. Síðari mgr. þeirrar greinar er niður felld, þar sem ákvæði, er lengra ganga í sömu átt, eru tekin upp í 2. mgr. 62. gr.

Um 81. gr.

Þessi grein er nýmæli, sama efnis sem 61. gr. frv., og vísast til skýringa við þá grein.

Um X. kafla.

Kafli þessi kemur að nokkru í stað laga nr. 36/1937, um klaksjóð, og laga nr. 27/1953, um breytingar á þeim lögum. Nauðsynlegt þótti þó að breyta ákvæðum laga þessara og auka við nýmælum, m. a. um fiskeldi.

Skoðanir manna á fiskrækt hafa breytt til mikilla muna hin síðari ár. Þykir eigi lengur einhlítt að sleppa kviðpokaseiðum í vatn, heldur þykir hitt sums staðar eiga betur við að sleppa eldri seiðum, sem alin hafa verið eftir að kviðpokann þraut. Einkum sýnist þetta henta þar, sem svo hagar til, að æti seiða er ónóg, hættur miklar eða vernd litil, svo að smáseiði misfarast til muna, eins og víða í vötnum hér á landi. Er því æskilegt að taka upp í lög ákvæði um eldi fiska. Sjá nánar um þetta í greinargerð með frv., bls. 1143—1144.

Um 82. gr.

Í lögum nr. 27/1953 er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að láta reisa eldisstöðvar ásamt klakstöðvum og gera félag um slíkar stöðvar við aðra aðila. Þykir rétt að láta þau ákvæði haldast að efni. En eigi virðist ástæða til að takmarka seiðatölu eldisstöðva. Aftur sýnist eðlilegt að fela veiðimálastjóra umsjá með slíkum stöðvum.

Um 83. gr.

Torvelt er að afla seiða, og hefur ekki tekizt um langa hríð að fullnægja eftirspurn eftir seiðum. Verður því að telja hana aðalhlutverk klak- og eldisstöðva ríkisins. Auk þess fari þar fram tilraunir og rannsóknir um fiskrækt. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar.

Um 84. gr.

Um hana má visa til 22. gr. frv. þessa og skýringa um hana.

Um 85. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 86. gr.

Á undanförnum árum hafa verið reistar hér á landi þrjár eldisstöðvar, er hafa það markmið að rækta alifisk til þess að sleppa í veiðivötn (sleppifisk) og rækta matfisk til sölu, einkum erlendis, og má kalla það nýja grein búskapar. Engin ákvæði í íslenskum lögum lúta að slíkum stöðvum nema þau ein, er getur í lögum nr. 27/1953, um breyting á lögum um klaksjóð. Þykir því rétt að taka upp í frv. þetta ákvæði um þessi efni, og getur þeirra í þessari grein og hinum næstu.

Um 87. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 88. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 89. gr.

Rétt virðist að undanþiggja eldisstöðvar ákvæðum laga um lágmarksstærð fisks, er veiða má, veiðarfæri og veiðiaðferðir.

Um 90. gr.

Nauðsynlegt þykir, að veiðimálastjóri fái skýrslur um starfsemi eldisstöðva, m. a. það, hvort þær selji fisk eða seiði innanlands eða utan.

Um 91. gr.

Ákvæði þessarar greinar sýnast réttmæt og þurfa eigi skýringar við.

Um XI. kafla.

Í kafla þessum eru nýmæli, sem nauðsynlegt þykir að taka upp. Víða erlendis er ræktaður til mikilla muna silungur sá, er nefnist regnbogasilungur (*Salmo irideus*), og hafa hrogn hans verið flutt hingað til lands árið 1951 og 1954. Nú er það kunnugt, að tveir skæðir sjúkdómar sækja á laxfiska í flestum löndum Evrópu, m. a. Norðurlöndum. Nefnist annar kýlaveiki (*furunculosis*), en hinn vanki (*Drehkrankheit*, drejesyge). Sjúkdómar þessir geta horizt með hrognum, og þar sem talið er víst, að þeir séu ekki í íslenskum laxfiskum, þykir nauðsynlegt að setja ákvæði til varnar því, að þeir berist hingað. En að því lúta ákvæði þessa kafla.

Um 92. gr.

Vegna sýkingarhættu þeirrar, sem samfara getur verið innflutningi hrogna, þykir nauðsynlegt að setja ákvæði um bann við innflutningi fisks eða lifandi hrogna, nema ráðherra leyfi slíkan innflutning.

Um 93. gr.

Talið er unnt að sóttgreinsa hrogn til hlítar, svo að hætta stafi ekki af innflutningi þeirra. Að því lúta ákvæði greinar þessarar. Jafnframt þykir nauðsynlegt að setja fyrirmæli um meðferð fisks, sem fluttur kann að verða landa á milli með viðkomu á Íslandi.

Um 94. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja í lög ákvæði um sóttgreinsun fisks í eldisstöðvum eða veiðivötnum, ef hætta þykir á, að hann sé sýktur næmum sjúkdómi.

Um 95. gr.

Þarf eigi skýringar.

Um XII. kafla.

Þessi kafla er að efni hinn sami og X. kafla laga nr. 112/1941 að öðru en því, að bætt er inn í 2. mgr. 98. gr. ákvæði um, að batur fyrir missi selveiðinytja skuli ákveðnar með mati, ef eigi semur. Frá því er lög um lax- og silungsveiði voru sett, hefur mikið áunnizt um útrýmingu sels úr veiðivötnum, og virðast ákvæði laganna hafa reynzt fullnægjandi, svo að eigi sé ástæða til breytinga. Orðalagi greina hefur verið breytt, þar sem ástæða þótti til.

Um XIII. kafla.

Kafla þessi geymir ákvæði XI. kafla laga nr. 112/1941. Ákvæði laganna um stjórn veiðimála hafa reynzt haldkvæm, og sýnist eigi ástæða til að breyta þeim að neinu ráði.

Um 99. gr.

Hún er sama efnis sem 75. gr. laganna.

Um 100. gr.

Hún er sama efnis sem 76. gr. laganna að öðru en því, að skipun veiðimálastjóra er eigi tímabundin. Eigi virðist ástæða til að tímabinda skipun hans frekar en annarra starfsmanna ríkisins.

Um 101. gr.

Hún kemur í stað 77. gr. laga nr. 112/1941, er fjallar um veiðimálanefnd. Sú er ein breyting, að landssambandi fiskræktarféлага eða landssambandi veiðiféлага, ef stofnuð yrðu, er veittur tillöguréttur um menn í veiðimálanefnd. Virðist það vera eðlilegt.

Um 102. gr.

Hún kemur í stað 78. gr. laga nr. 112/1941, og eru 1., 2. og 3. mgr. sama efnis sem sömu mgr. lagagreinarinnar. Í 4. mgr. er nú kveðið beinum orðum á um rétt eftirlitsmanna til farar meðfram veiðivatni.

Um 103. gr.

Hún kemur í stað 79. gr. laga nr. 112/1941 og er nokkuð aukin að efni og orðalagi breytt. Í 1. mgr. er það nýmæli, að kaup eftirlitsmanna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, í stað þess að sýslusjóði er gert að greiða kaupið allt samkvæmt gildandi lögum. Geti má þess, að undanfarin ár hefur ríkissjóður styrkt eftirlit með veiði í fiskihverfum Hvítár í Borgarfirði og Ölfusár. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Sýnist eðlilegt, að eftirlitsmönnum, sem eigendur eða notendur veiði ráða, sé veitt lögregluvald.

Um XIV. kafla.

Kafla þessi kemur í stað XII. kafla laga nr. 112/1941, en ákvæðum laganna er breytt til muna, greinar dregnar saman eða felldar niður.

Um 104. gr.

Hún kemur í stað 80. og 82. gr. laganna. Sýnist verða að binda styrkveitingar því skilorði, að fé sé veitt til þeirra á fjárlögum. Þá er lögin voru sett, mátti kalla, að kr. 2.50 hrykkju til greiðslu á þriðjungi dagsverks og kr. 3.00 væru þriðjungur af verði eitt þúsund hrogna. Nú eru þessi verðhlutföll gerbreytt, og þykir því rétt að miða styrkveitingar við þriðjung af verði mannvirkja, sem gerð eru vegna fiskræktar, svo sem gert var í 2. mgr. 80. gr. laganna. Rétt sýnist, að eigi sé veittur styrkur til klak- eða eldisstöðva, fyrr en reynsla hefur sýnt, að vatn, sem nota á, sé vel fallið til fiskeldis. Ákvæði 3. mgr. 80. gr., 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. eru niður felld.

Um 105. gr.

Hún kemur í stað 83. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. eru óbreytt að öðru en því, að lánstími er lengdur um helming. Þykir reynsla hafa sýnt, að lánstími laganna sé of skammur. Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli. Fiskeldi má telja eina grein búskapar, svo sem áður segir, og virðist eðlilegt að veita lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar, eins og um nýrækt jarðar væri að tefla.

Um XV. kafla.

Kafla þessi kemur í stað XIII. kafla laga nr. 112/1941. Greinum er breytt nokkuð að efni og orðalagi, sem sagt verður. Felldur er niður 85. gr. laganna, því að hún var talin óþörf.

Um 106. gr.

Hún fjallar um sama efni sem 84. gr. laganna. Sett eru skýrari ákvæði en áður um þau efni, er skera á úr með mati, ef þau valda ágreiningi. Er þetta gert samkvæmt reynslu. Af sömu ástæðu er breytt reglum um dómkvaðningu undirmatsmanna og lengdur frestur til þess að skjóta undirmati til yfirmats úr 6 vikum í 3 mánuði.

Um 107. gr.

Hún kemur í stað 86. gr. laganna, og er fyrri mgr. óbreytt að efni, en í hinni síðari er sú breyting á ger, að matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu skipaðir á sama hátt sem aðrir matsmenn samkvæmt 106. gr. Þykir sú skipun eðlilegri.

Um 108. gr.

Hún er sama efnis sem 87. gr. laganna. Orðalagi vikið við.

Um XVI. kafla.

Með lögum nr. 10/1952 voru refsíákvæði þessa kafla þyngd mjög. Sýnist eigi ástæða til að hrófla við refsimörkum þeim, sem ákveðin voru með þeim lögum.

Um 109. gr.

Söm að efni sem 1. mgr. 88. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 1. gr. laga nr. 101/1952.

Um 110. gr.

Söm að efni sem 89. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 101/1952. Efni úr upphafi greinar er flutt og gert að nýjum lið, f-lið.

Um 111. gr.

Hún kemur í stað 90. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 3. gr. laga nr. 101/1952, en fleiri verk eru refsiverð beinum orðum en áður. Nú skal einnig refsað fyrir veiði með skotvopnum og rafmagni svo og sé vatni veitt af fiski. Eru þessar veiðiaðferðir, einkum sú síðastnefnda, mjög vitaverðar. Refsa mætti líklega fyrir nefndar veiðiaðferðir eftir lögjöfnun frá 90. gr. gildandi laga, en rétt sýnist samt að kveða skýrum orðum á um refsiverðleik þeirra til þess að veita mönnum aukna viðvörun.

Um 112. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru samhljóða 91. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 4. gr. 1. nr. 101/1952. En 2. mgr. er nýmæli. Rétt sýnist að leggja viðurlög við brotum á lög-mætum samþykktum fiskræktarfélagum og samþykktum veiðifélögum.

Um 113. gr.

Hún er samhljóða 92. gr. laga nr. 112/1941.

Um 114. gr.

Hún er samhljóða 93. gr. laga nr. 112/1941.

Um 115. gr.

Hún kemur í stað 94. gr. laga nr. 112/1941. Sú ein breyting er gerð, að fésektir eru látnar renna í rikissjóð, svo sem venja er um flestar fésektir.

Um XVII. kafla.

Um 116. gr.

Eðlilegt sýnist, að félög, sem stofnuð hafa verið samkvæmt gildandi lögum um fiskrækt og félagsveiði, fái nokkurn frest til þess að breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði frv., ef að lögum verður.

Um 117. gr.

Hún þarfnast eigi skýringar.